SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

ÁRSSKÝRSLA 2020 - 2021

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Ábyrgðarmenn
Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður

Umsjón með útgáfu
Axel Jón Ellenarson

Prófarkalestur
Stefanía Helga Skúladóttir

Umbrot og prentun
Litróf – vistvæna prentsmiðjan

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu
Grettisgata 89
105 Reykjavík
Sími: 525 8340, 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
www.sameyki.is

ISSN: 1670-881

Efnisyfirlit

5 Trúnarðarmannaráð
7 Kjaramál
10 Stofnun ársins
13 Stytting vinnuvikunnar
14 Stjórn Sameykis
15 Skrifstofa
16 Upplýsinga- og útgáfumál
18 Fræðslustarf
20 Starfsmennt fræðslusetur
21 Fulltrúar í stjórnum og nefndum
22 Fulltrúaráð Sameykis
24 Fræðslusjóðir Sameykis
26 Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis
27 Styrktarsjóður BSRB
28 Háskóladeild Sameykis
29 Félag íslenskra félagsliða
30 Félag heilbrigðisgagnafræðinga
31 Félag áfengisráðgjafa
31 Deild atvinnubílstjóra Strætó bs
32 Framvegis – Miðstöð símenntunar
32 Virk starfsendurhæfingarsjóður
33 Lífeyrisdeild Sameykis
34 Orlofsmál Sameykis

Starfsár Sameykis

Í ársskýrslu stjórnar Sameykis er stiklað á stóru enda er starfsemi félagsins afar umfangsmikil og fjölbreytt. Þetta er önnur ársskýrslan sem Sameyki gefur út. Skýrslan er ekki tæmandi en ætti að gefa góða mynd af starfi félagsins og tengdra aðila. Tímabilið sem ársskýrslan fjallar um er janúar 2020 til mars 2021. Tölulegar upplýsingar miðast þó yfirleitt við almanaksárið 2020. Öllum þeim fjölda fólks sem gegnt hefur trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélagið er þakkað gott starf í þágu Sameykis.

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á starfsár Sameykis og samfélagið allt. Eins og rakið hefur verið hófst faraldurinn í lok febrúar 2020 og á vormánuðum var skrifstofum Sameykis lokað og starfsmenn sendir heim að vinna líkt og á flestum öðrum vinnustöðum á landinu. Í lok febrúar mátti starfsfólk Sameykis koma aftur saman á skrifstofunni og voru það miklir fagnaðarfundir.

Í byrjun marsmánaðar 2020 var boðað til verkfalls. Kjarasamningar opinberra starfsmanna höfðu verið lausir í 11 mánuði. Ekkert gekk í samræðum um launaliðinn og önnur mál eins og t.d um jöfnun launa milli markaða sem var hluti af samkomulaginu um jöfnun lífeyrisréttinda og hafði verið undirritað fjórum árum áður. Viðsemjendur héldu áfram sömu orðræðu og áður á samningafundum og því var boðað til verkfalls. Þann 9. mars náðist samkomulag við okkar stærstu viðsemjendur, ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélög. Samningar voru undirritaðir og verkföll stöðvuð. Í kjölfarið voru samningarnir kynntir félagsmönnum á Zoom fundum og þeir samþykktir með góðri þátttöku og miklum meirihluta.

Val á Stofnun ársins og málþing Sameykis fór fram í október með óvenjulegum hætti í gegnum fjarfundarbúnað og í kjölfarið fór afhending verðlaunanna ýmist fram á bílastæðum, í stigagöngum, úti á túni eða í anddyri stofnana. Það var ánægjulegt að geta fært verðlaunahöfum viðurkenningarnar þrátt fyrir þær takmarkanir sem sóttvarnarlögin kváðu á um.

Almanaksárinu lauk með námskeiðahaldi og fræðslu vegna styttingu vinnuvikunnar. Margt hefur áunnist á þessu starfsári. Eitt að því mikilvægasta er stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki sem mun færa þjóðinni velsæld og hagsæld. Þann 1. maí eiga svo samningar um styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki að taka gildi og hingað til hefur Sameyki staðið í mikilli og flókinni vinnu við að útfæra styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki og innleiðingu hennar.

Að lokum viljum við minnast þess að þann 17. febrúar 2020 lést kær samstarfsmaður okkar, Halldór Snorri Gunnarsson. Dóri var mikill og góður félagi okkar. Hann starfaði sem sérfræðingur á kjarasviði, fyrst hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og síðar Sameyki eftir sameiningu við SFR. Við sem unnum með Dóra verðum alltaf þakklát fyrir þann tíma sem við áttum með honum og allt það góða sem hann gaf af sér á vinnustaðnum með vinnuframlagi sínu og glaðværð. Það er óhætt að fullyrða að það þótti öllum vænt um Dóra.

Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu

Sameyki er stærsta stéttarfélagið á opinbera vinnumarkaðinum með virka félagsmenn sem námu tæpum 11 þúsund manns í desember 2020. Með lífeyrisdeild Sameykis eru félagsmenn tæplega 13 þúsund eða alls 12.981 félagsmenn. Geta má þess að Sameyki er þriðja stærsta stéttarfélag landsins og félagsmenn þess um helmingur allra virkra félagsmanna af 23 aðildarfélögum innan BSRB.

Stærstur hluti félagsmannanna stéttarfélagsins starfar hjá Reykjavíkurborg annars vegar og ríki hins vegar sem eru stærstu viðsemjendur Sameykis. Reykjavíkurborg hefur mestu hlutdeildina eða 41,1% hlut og þar á eftir kemur ríkið með 35,4% hlut og eru þessir tveir viðsemjendur alls 76,5 % af heildarfjölda virkra félagsmanna.

Af þeim 23,5 % sem eftir standa eru 3,2 % atvinnulausir, 1,4% í fæðingarorlofi, 2,9 % hjá sveitarfélögum og 16 % starfa hjá sjálfseignarstofnunum og öðrum. Flestir félagsmanna okkar hjá Reykjavíkurborg eru starfandi á skóla- og frístundarsviði eða 1185. Hjá stærstu einstaka ríkisstofnuninni er Landspítalinn með flesta félagsmenn eða 1254 félaga.

Kynjaskipting virkra félagamanna er að meginþorra konur eða 63 % af heildinni með 6923. Karlar eru 37 %, alls 4042.

Meðalaldur félagsmanna er 40,7 ár. En langstærsti hópurinn okkar er eigi að síður á aldursbilinu 20-30 ára, eða sem nemur 35,8%.

Þegar skoðuð eru búsetuskipting félagsfólks Sameykis sést að þeim hefur fækkað örlítið á landsbyggðinni á milli ára og er eingöngu 13,8 % allra félaga. Þeir voru 14,4 % á landsbyggðinni á síðasta ári en 86,2 % á stórhöfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi. Á síðasta ári en voru félagsmenn 85,6% á þessu svæði og búsetuskiptin hefur því breyst um 0,6% á þessu svæði. Þessar breytingar þýða ekki endilega að félögum hafi fækkað heldur getur endurspeglað að búseta þeirra hafi breyst.

Þeir sem hafa hætt störfum sökum aldurs eða örorku en kjósa að vera félagsmenn áfram eru skráðir í lífeyrisdeild Sameykis og nemur þessi fjöldi nú 2016 manns.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Af verkföllum og samningum

Undirbúningur hófst á því að fundaherferð var farin á vinnustaði félagsmanna þar sem samtal átti sér stað við félagsfólk um hvort Sameyki ætti að boða til verkfalls. Eftir atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna var niðurstaðan afgerandi. 9. mars 2020 var því boðað til verkfalls fyrir hönd stærstu viðsemjenda Sameykis, ríkis, Reykjavíkurborgar, Strætó bs, Seltjarnarnesbæjar og Akraneskaupstaðar.

Þær sérstöku aðstæður komu upp föstudaginn 6. mars, þremur dögum áður en verkfallið átti að skella á, að almannavarnir lýstu yfir hættuástandi vegna COVID-19 smita. Í framhaldi af því óskuðu Landspítali og Heilsugæslan í Reykjavík eftir undanþágu á verkfalli fyrir alla starfsmenn sína. Mikið af undanþágubeiðnum bárust félaginu úr allri velferðar- og öryggisþjónustu vegna ástandsins sem skapaðist.

Stjórnarfólk var þátttakendur í kjaraviðræðum og samningar tókust við stærstu viðsemjendur aðfaranótt 9. mars.

Frá undirritun kjarasamnings við Reykjavíkurborg. F.v. Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis, Kári Sigurðsson samninganefndarmaður, Guðmundur Freyr Sveinsson starfsmaður Sameykis, Garðar Hilmarsson varaformaður Sameykis og formaður samninganefndar, Helga Jónsdóttir ríkissáttasemjari og Elísabet S. Ólafsdóttir skrifstofustjóri og aðstoðarsáttasemjari.

Samið við ríkið. Helga Jónsdóttir ríkissáttasemjari og Elísabet S. Ólafsdóttir skrifstofustjóri og aðstoðarsáttasemjari, Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis og samninganefndar, Garðar Hilmarsson varaformaður Sameykis, Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri kjara- og reksturs, og Jóhanna Lára Óttarsdóttir samningarnefndarkona Sameykis.

Erlent samstarf

NSO (Nordiska statstjenestemanna organisationen) eru systrafélög Sameykis á Norðurlöndunum þar sem félagsfólk er ríkisstarfsmenn. Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis er í þessu samstarfi ásamt Þórarni Eyfjörð framkvæmdastjóra hjá Sameyki og hefur Sólveig Jónasdóttir einnig starfað með þeim. NSO heldur ráðstefnu fyrir fulltrúa frá aðildarfélögunum annað hvert ár þar sem fjallað er um mál sem tengjast meðal annars vinnumarkaði opinberra starfsmanna. Ráðstefna var fyrirhuguð 2021 en ákveðið hefur verið að fresta henni. Lítið samstarf hefur verið á árinu utan nokkurra fjarfunda.

NTR (Nordisk tjenestemandsråd) eru samtök norrænna bæjarastarfsmannafélaga og eru bæjarstarfsmannafélög innan BSRB þátttakaendur í því samstarfi og Sameyki þar með fyrir sína bæjar- og borgarstarfsmenn. Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalar er formaður í samstarfinu og Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri hjá Sameyki er í framkvæmdarhópnum fyrir hönd BSRB félaganna. Haldnar hafa verið ráðstefnur annað hvert ár en auk þess eru reglulegir fundir þar sem byggt er upp samstarf milli þjóðanna. Annars vegar eru það fundir þar sem formenn frá hverju landi koma saman og bera saman bækur sínar um hvað sé á döfinni í hverju landi fyrir sig. Framkvæmdahópur sækir einnig þá fundi en hittist auk þess oftar til þess að skipuleggja ráðstefnu og aðra viðburði í ráðinu. Langt var komið með að skipuleggja ráðstefnu sem átti að vera haldin í Gautaborg í Svíþjóð sumarið 2020 en það varð að fresta henni vegna COVID-19. Nú hefur verið ákveðið að fresta henni til ársins 2022.

Fundur var haldinn í framkvæmdarhóp í lok febrúar 2020 í Kaupmannahöfn en frá þeim fundi hefur öll starfsemi NTR farið fram í gegnum fjarbúnað.

Trúnaðarmannaráð

Trúnaðarmannakerfi Sameykis

Samkvæmt lögum Sameykis mynda trúnaðarmenn á vinnustöðum og stjórn Sameykis trúnaðarmannaráð félagsins sem kosið er til tveggja ára í senn. Trúnaðarmenn eru núna um 320 talsins og fjölgaði þeim um u.þ.b. 30 á árinu þótt stutt sé eftir af kjörtímabilinu en næsta kjörtímabil hefst í maí 2021. Trúnaðarmenn eru helsta tenging stéttarfélagsins við vinnustaðina og starf þeirra því afar mikilvægt.

Allir félagsmenn geta boðið sig fram sem trúnaðarmenn. Hlutverk trúnaðarmanns felst m. a. í því að gæta hagsmuna félagsmanna Sameykis á vinnustað, miðla upplýsingum á milli félagsmanna og Sameykis og gæta þess að kjarasamningar séu virtir. Hlutverkið er bæði fjölbreytt og gefandi og felur í sér tækifæri til að bæta við sig þekkingu og reynslu, jafnt á persónulegum grunni sem og starfslega. Hlutverk ráðsins er einnig að fjalla um þau málefni á fundum sínum sem snerta vinnu og aðstöðu trúnaðarmanna í störfum þeirra ásamt fræðslu um þau þjóðfélagsmál sem hæst ber hverju sinni og að gagni geta komið í störfum trúnaðarmanna. Einnig er það hlutverk trúnaðarmanns að fjalla um kjara- og réttindamál starfsmanna, sérstakalega þegar gera á almenna kjarasamninga. Á árinu 2020 mæddi mikið á trúnaðarmönnum þar sem gerð kjarasamninga var í hámarki en þeir snerust um styttingu vinnuvikunnar, bæði fyrir dagvinnufólk og vaktavinnufólk. Það má segja að langþráðum áfanga hafi verið náð þótt enn sé verið að aðlaga styttinguna á einhverjum vinnustöðum. Í allri þeirri vinnu hefur mannauður trúnaðarmanna Sameykis komið glöggt í ljós.

Fundir trúnaðarmannaráðs

Samkvæmt lögum Sameykis skulu að lágmarki vera tveir trúnaðarmannaráðsfundir á ári. Á síðasta ári voru haldnir 5 trúnaðarmannaráðsfundir og það sem af er 2021 hefur einn fundur verið haldinn. Sameyki hefur haft það að markmiði að halda fjölbreytta trúnaðarmannaráðsfundi þar sem reynt er að hafa puttann á púlsinum og fjalla um þjóðfélagsmál sem og málefni félagsins fyrir utan kjara- og réttindamál hins vinnandi manns.

Eini trúnaðarmannaráðsfundurinn sem haldinn var í raunheimum var miðvikudaginn 12. febrúar en fljótlega eftir það voru reglur um samkomur og fundahald hertar af sóttvarnayfirvöldum vegna útbreiðslu Covid-19. Næstu fjórir fundir voru

Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis á Trúnaðarmannaráðsfundi sem haldinn var í desember sl. með fjarfundarbúnaði á Grettisgötu 89.

Þórarinn Eyfjörð, framkvæmdastjóri kjaramála og reksturs hjá Sameyki flytur erindi á fundi Trúnaðarmannaráðs í desember sl.

haldnir á Zoom þar sem aðalmálin voru kjaramálin. Starfsmenn BSRB voru tíðir gestir á fundum ársins s.s. þær Dagný Aradóttir Pind lögfræðingur og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hagfræðingur en stytting vinnuvikunnar hefur verið aðalbaráttumál BSRB síðustu misseri.

Þrátt fyrir takmarkanir í fundahaldi náðist að fá tvo athyglisverða gesti í heimsókn. Á fyrsta netfundi vorsins kom Haukur Ingi Jónasson, lektor og sálgreinir og talaði um „hina hliðina“ á Covid-19. Á jólafundinn 15. desember kom Birna Dröfn Birgisdóttir, sköpunargleðifræðingur með

erindið, „Ert þú hetja á vinnumarkaðinum? Þar fjallaði hún um hvers vegna hugrekki er mikilvægt fyrir sköpunargleðina, eina verðmætustu auðlind okkar.

Um 50% trúnaðarmanna sækja að jafnaði trúnaðarmannaráðsfundina en eftir að fundirnir færðust yfir í Netheima hafa fleiri haft tækifæri til að sækja fundi og trúnaðarmenn okkar á landsbyggðinni hafa hvatt til að áfram verði streymt af fundunum þegar samkomubanni verður aflétt.

Til stóð að halda röð félagsfunda á landsbyggðinni á vormánuðum í samvinnu við trúnaðarmenn á stöðunum sem ekkert varð af vegna Covid-19. Um leið og færi gefst er heimsókn á landsbyggðina ofarlega á dagskránni.

Fræðsla trúnaðarmanna

Fræðsla fyrir trúnaðarmenn er í formi námskeiða og fræðslumorgna sem reynt er að halda fyrir hádegi sama dag og trúnaðarmannaráðsfundina. Sameyki býður upp á 3ja daga grunnnámskeið í samvinnu við BSRB en auk þess hafa trúnaðarmenn aðgang að 6 þrepa námskeiðum sem haldin eru af Félagsmálaskóla alþýðu. Umsjón með fræðslu fyrir trúnaðarmenn hefur Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri.

Haustið 2020 voru haldnar átta námsstofur um styttingu vinnuvikunnar fyrir dagvinnufólk og í upphafi árs í janúar hófust námsstofur, sjö talsins, fyrir vaktavinnufólk þar sem reynt er að hafa námsstofurnar sérstaklega hannaðar fyrir fólk í svipuðum störfum. Sem dæmi má nefna starfsmenn í velferðarþjónustu, starfsmenn hjá ríkisstofnunum og starfsmenn hjá Strætó.

Markmið og stefna

Markmið Sameykis er að vera í fararbroddi um faglega uppbyggingu trúnaðarmannastarfs enda eru trúnaðarmenn fulltrúar félagsmanna á vinnustöðum. Stefnan er að þekking trúnaðarmanna á kjaramálum, þátttaka þeirra í starfi Sameykis og vinna að hagsmunum félagsmanna, verði ávallt til fyrirmyndar.

Umsjón með trúnaðarmannakerfinu og tengiliður Sameykis við trúnaðarmenn er Kristín Erna Arnardóttir, sérfræðingur á félagssviði.

Fulltrúaráð

Samkvæmt lögum Sameykis er fulltrúaráðið skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs.

Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri Sameykis kynnir starfsemi Sameykis, námskeiðahald og samstarfsverkefni á vorönn, á fundi Trúnaðarmannaráðs. Jóhanna hefur umsjón með fræðslu fyrir trúnaðarmenn.

Birna Dröfn Birgisdóttir, sköpunargleðifræðingur, hélt erindi á Trúnaðarmannaráðsfundi hjá Sameyki sem fjallaði um hugrekki og sköpunargleði í starfi á vinnustöðum.

Kjaramál

Félagsmenn Sameykis sem greiða iðgjöld eru um 11.000 (lífeyrisþegar ekki taldir með) og eru dreifðir út um allt land. Félagið gerir 20 kjarasamninga við marga mismunandi aðila: ríkið, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og opinber hlutafélög innan SA. Einnig gerir félagið sérstaka samninga við Strætó, Faxaflóahafnir, Isavia, Fríhöfnina, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Ás styrktarfélag og ýmsar sjálfseignastofnanir. Auk þessa gerir Sameyki stofnanasamninga við allar stofnanir ríkisins sem eru rúmlega 160 og kemur að starfsmati starfsmanna hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Stofnanasamningar eru hluti af kjarasamningum við ríkið og eru í stöðugri þróun og endurskoðun og þá kemur mikilvægi samstarfsnefnda innan hverrar stofnunar í ljós.

Trúnaðarmannaráð Sameykis hefur það hlutverk m.a. að fjalla um kjara- og réttindamál, ekki síst þegar kemur að kjarasamningagerð. Fulltrúaráð Sameykis er kosið af trúnaðarmannaráði og fjallar ráðið einnig um kjara- og réttindamál en annast einnig undirbúning kjarasamninga. Því eru reglulegir fundir í trúnaðarmannaráði og fulltrúaráði afar mikilvægt innlegg í kjarasamningagerð og við þróun stofnanasamninga ríkisstofnana og starfsmat sveitarfélaga.

Sameyki á einnig gott samstarf við BSRB og önnur aðildarfélög við gerð kjarasamninga, stofnanasamninga, starfsmat og önnur kjaratengd mál.

Kjarasamningsviðræður í byrjun árs

Það er óhætt að fullyrða að árið 2020 hafi verið ár kjarasamninga. Í uppafi árs höfðu samningsaðilar fundað meira og minna í heilt ár án árangurs þar sem flestir samningar höfðu losnað í mars 2019. Þolinmæðin var því víða á þrotum og ljóst að frekari aðgerða var þörf. BSRB skipulagði í samstarfi við BHM og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fjöldafund í Háskólabíó 30. janúar undir yfirskriftinni: Hingað og ekki lengra – Kjarasamninga strax. Fundurinn var mjög fjölmennur og augljóst að mikill baráttuhugur var í félagsmönnum. Á fundinum tók Árni Stefán Jónsson formaður Sameykis m.a. til orða og sagði:

Það hefur verið furðulegt að sitja við samningaborðið undanfarnar vikur – það mætti líkja því við að starfa á einhvers konar prúttmarkaði. Öll viðbrögð viðsemjenda við réttmætum kröfum okkar ganga út á það að okkur beri að borga fyrir bætt réttindi með því að selja þau réttindi sem við þegar höfum!

Fundurinn blés öllum viðstöddum baráttuhug í brjóst og hreyfði við viðsemjendum en þó var ljóst að enn vantaði mikið upp á að samningar væru í sjónmáli. Félagsmenn Sameykis fóru því fljótlega upp úr þessu að dusta rykið af verkfallsvopnunum í því skyni að þrýsta á viðsemjendur um að ganga til samninga. Sömu sögu er einnig að segja af flestum öðrum stéttarfélögum innan BSRB en samstarf félaganna var töluvert á þessum tíma með aðkomu BSRB sem skipaði veigamikinn þátt í viðræðunum, m.a. um styttingu vinnuvikunnar. Í lok febrúar var staðan þannig að 87,6% félagsmanna innan BSRB félaga hafði samþykkt að hefja verkfallsaðgerðir 9. mars.

Innan Sameykis var ákveðið að boða ákveðna hópa hjá ríki, Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tímabundna vinnustöðvun annars vegar og ótímabundna hins vegar. Niðurstöðurnar lágu fyrir 19. febrúar og voru ótvíræðar eins og sjá má:

Reykjavík tímabundin vinnustöðvun – 89,5% sögðu já
Reykjavík ótímabundin vinnustöðvun – 88,2% sögðu já
Ríkið tímabundin vinnustöðvun – 85% sögðu já
Ríkið ótímabundin vinnustöðvun – 79,8% sögðu já
Seltjarnarnesbær tímabundin vinnustöðvun - 89,3% sögðu já
Seltjarnarnesbær ótímabundin vinnustöðvun – 93,1% sögðu já
Akraneskaupstaður ótímabundin vinnustöðvun – 85% sögðu já
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili tímabundin vinnustöðvun – 88,4% sögðu já

Skipulag fyrirhugaðra verkfallsaðgerða BSRB félaganna var með þeim hætti að eftir því sem lengra liði á marsmánuð ykist þunginn í aðgerðunum en frá 15. apríl var gert ráð fyrir ótímabundnu allsherjarverkfalli sem hefði þýtt að allt að 18.000 opinberir starfsmenn hefðu farið í verkfall.

Það var augljóst að þessar niðurstöður voru það sem þurfti til að ná eyrum viðsemjenda. Smám saman fóru viðsemjendur að sýna samningsvilja eftir allt sem á undan var gengið og 26. febrúar skrifaði Sameyki undir fyrsta samninginn sem var við Faxaflóahafnir. Stóru viðsemjendurnir ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga neituðu þó áfram að ganga til samninga og helgina 7. - 8. mars var spennustigið í hámarki í samningaherbergjum Ríkissáttasemjara við Borgartún 21. Að lokum fór það svo, aðfaranótt 9. mars (mánudags), að stíflan

Félagar Sameykis á göngu á alþjóðlegum baráttudegi launafólks 1. maí.

brast og skrifað var undir samninga undir morgunn, rétt fyrir boðaðar verkfallsaðgerðir.

Rétt er að halda því til haga að á þessum tíma var ný tegund kórónuveiru, COVID-19, nýlega komin til landsins og mikil óvissa í samfélaginu öllu um hvað verða vildi. Því var hart lagt að samningsaðilum um að ná saman til að eyða enn frekari óvissu um framtíðina.

Í megindráttum var annars vegar samið um sambærilegar launahækkanir og almenni markaðurinn hafði gert nokkrum mánuðum áður eða um 90.000 kr. hækkun á samningstímanum. Hins vegar var stórum áfanga náð varðandi styttingu vinnuvikunnar úr 40 klst. í 36. klst. auk veigamikilla breytinga á vaktavinnu þar sem vinnuvikan getur farið allt niður í 32 klst.

Auk þessara áfanga var samið um ýmsar breytingar s.s. varðandi 30 daga orlofsrétt óháð aldri, aukinn rétt vegna veikinda ungmenna, skil milli vinnu og einkalífs, jöfnun launa milli markaða og launaþróunartryggingu. Þá var einnig samið um ýmis sértækari ákvæði sem voru mismunandi eftir samningsaðilum sem eins og áður segir eru um 20 talsins gagnvart Sameyki.

Í kjölfar samninga við stærstu vinnuveitendur tóku við samningagerðir við aðra vinnuveitendur sem stóðu í sumum tilfellum langt fram á sumar en síðustu samningarnir voru gerðir 9. júlí við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og 18. sept. við RÚV.

Innleiðing styttingar vinnuvikunnar

Haustið á kjarasviði einkenndist af vinnu við innleiðingarferli vegna styttingu vinnuvikunnar. Samkvæmt fylgiskjölum með kjarasamningunum átti að stytta vinnuviku dagvinnufólks 1. janúar 2021 og vaktavinnufólks 1. maí 2021.

Varðandi dagvinnuna var gert ráð fyrir umbótaferli á hverjum vinnustað fyrir sig þar sem stjórnendur og starfsmenn skipuðu vinnutímanefndir sem fylgdu ákveðnu ferli við vinnuna sem gefið var út af sérstakri verkefnastjórn sem aðilar samninganna höfðu skipað. Í því ferli var lögð rík áhersla á þátttöku allra starfsmanna. Kjarasviðið skipulagði að því tilefni námskeið

fyrir trúnaðarmenn til að kynna ferlið en samkvæmt því átti að útfæra tillögur um styttinguna á hverjum vinnustað og kjósa um þær þannig að niðurstöður lægju fyrir 1. október. Í ljós kom að vinnustaðir náðu sjaldnast að standa við þá áætlun og reyndi því töluvert á félagið og trúnaðarmenn við að þrýsta ferlinu áfram með það að markmiði að innleiðing styttingarinnar kæmist í framkvæmd 1. janúar. Þegar nær tók að líða að áramótum fóru jákvæðar fréttir að berast og reyndin varð sú að langflestar stofnanir ríkis og Reykjavíkurborgar náðu að stytta vinnuvikuna niður í 36 klst. Því miður bárust fréttir af lakara gengi meðal stofnana á vegum sveitarfélaga og því mun baráttan halda áfram þar á þessu sviði.

Varðandi vaktavinnuhópinn þá er staðan öðruvísi að því leyti að ekki þarf að ná sérstöku samkomulagi á hverjum vinnustað fyrir sig heldur taka gildi umfangsmiklar breytingar á heildarmynd kjarasamninga þar sem það er tryggt að vinnuvikan fer í 36 klst. og allt niður í 32 klst. hjá þeim sem eru með þyngstu vaktabyrðina. Launamyndun mun á sama tíma breytast og taka meira mið af vaktabyrði en áður þar sem vaktaálagsflokkum fjölgar og greiddur er sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölda og fjölbreytileika vakta. Stór hluti vaktavinnufólks hefur unnið hlutastörf og eru breytingarnar til þess fallnar að auka möguleika þeirra til að vinna hærra starfshlutfall. Markmið kerfisbreytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta vinnu og einkalíf þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari um leið og byggt er undir aukinn stöðugleika í mönnun vaktavinnustaða.

Eftir því sem árangurinn með dagvinnustyttinguna hefur orðið betri hefur meiri áhersla verið lögð á innleiðingarferli vaktavinnuhópsins en sú vinna markar að mörgu leyti starfsemina eftir áramót 2020 og verður því rakin með ítarlegri hætti í næstu ársskýrslu.

Þar sem stytting vinnuvikunnar hefur verið meginverkefnið í kjölfar kjarasamningagerðarinnar er rétt að benda félagsmönnum á að allar helstu upplýsingar hafa verið settar inn á kynningarvef sem verkefnahópurinn ber ábyrgð á og er vistaður undir slóðinni betrivinnutimi.is

Frá afhendingu viðurkenninga að loknu vel heppnuðu málþingi. Sirrý Arnardóttir, stjórnandi málþingsins fylgist með Garðari Hilmarssyni, varaformanni og Árna Stefáni Jónssyni, formanni Sameykis veita viðurkenningar. Viðburðinum var streymt frá Hilton Nordica.

Stofnun ársins 2020

Valið á stofnun ársins var með öðru sniði en verið hefur vegna COVID-19 faraldursins. Valið á Stofnun ársins 2020 var tilkynnt í gegnum streymi 14. október 2019 frá Hilton Nordica en titlana Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnun hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna í könnun Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu. Afhending verðlaunanna fór fram með heldur óvenjulegum hætti en starfsmenn Sameykis óku þeim út til þeirra með grímur og spritt í farteskinu og gættu þess að halda tveggja metra reglunni til að virða sóttvarnareglur.

Stofnanir ársins 2020 voru Norðlingaskóli, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Aðalskrifstofa Akraneskaupstaðar og Jafnréttisstofa.

Starfsfólk Norðingaskóla taka við viðurkenningu sem Stofnun ársins.

Framkvæmd könnunarinnar

Könnunin náði til um 12 þúsund starfsmanna í opinberri þjónustu, bæði hjá ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögunum og sjálfseignarstofnunum. Hún er unnin í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneyti og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. Í henni voru þátttakendur spurðir út í níu þætti í starfsumhverfinu þ.e. trúverðugleika stjórnenda, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í starfi, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægju og stolt og jafnrétti. Markmiðið með að velja fyrirmyndarstofnanir er að hvetja stjórnendur til að gera vel í starfsmannamálum og að auka umræðu um aðbúnað og líðan starfsmanna á vinnustöðum.

Framkvæmd könnunarinnar um Stofnun ársins og Stofnunar ársins Borg og Bær var með sambærilegu sniði og fyrri ár. Sameyki er líkt og áður í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið um könnunina, en ríkið tekur þátt í könnuninni fyrir alla starfsmenn ríkisins burt séð frá félagsaðild.

Fyrirmyndarstofnanir og hástökkvarar

Sameyki býður öllum Sameykisfélögum þátttöku, auk þess sem Sameyki býður stofnunum að taka þátt í könnuninni fyrir allt starfsfólk – án tillit til þess hvort starfsfólkið sé í Sameyki eða ekki. Þetta gildir um stofnanir sveitarfélaga, sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki borgarinnar

Veittar eru viðurkenningar til Fyrirmyndarstofnana Annars vegar meðal ríkisstofnana og sjálfeignarstofnana og hins vegar stofnunum innan Reykjavíkurborgar, sveitarfélaga og fyrirtækjum í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar. Einnig eru veitt verðlaun til Hástökkvara, það eru þær stofnanir sem hækka sig mest á milli ára.

Hægt er að sjá í útgefnu blaði um Stofnum ársins sem kom út í október 2020 niðurstöður í öllum flokkum. Einnig í 4. tbl 2020 sem kom út í deseber sl. Blöðin eru að finna í rafrænni útgáfu á vef Sameykis undir útgáfumál.

Breytt fyrirkomulag

Í desemberblaði Sameykis 2020 var fjallað um að ákveðið hefur verið að færa könnunina. Í stað þess að gera könnun meðal félagsmanna í febrúar til mars, þá var ákveðið að gera könnun frá október fram í nóvember árið 2021. Veitt verða verðlaun áfram við hátíðlega athöfn, en titilinn Stofnun ársins og Fyrirmyndarstofnanir 2021 verða þá veitt í upphafi árs 2022.

Við hjá Sameyki höfum mikinn metnað í að halda áfram með málþing sem haldin hafa verið hafa síðastliðin 3 ár þar sem umræða um mannauðsmál fer fram. Við höfum undirbúið málþingið í góðu samstarfi við okkar stærstu viðsemjendur, þ.e. Reykjavíkurborg og ríkið, og reynt að tengja umræðuna út frá þeim raunveruleika sem félagsmenn okkar eru í á vinnustöðum sínum. Smátt og smátt höfum við verið að lengja dagskrána, og munum áfram leggja metnað okkar í að örva umræðuna um mannauðsmál.

Edda Ástvaldsdóttir, sérfræðingur og Anna María Sigurðardóttir, bókari hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands tóku við viðurkenningunni fyrir hönd stofnunarinnar.

Sjálfsbjargarheimilið er hástökkvari ársins 2020 og tók Þórdís Rún Þórisdóttir á móti viðurkenningunni.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar var hástökkvari og tók Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri á móti viðurkenningunni.

Málþing um framtíðarvinnumarkaðinn

Í tengslum við Stofnun ársins stóð Sameyki fyrir málþingi um framtíðarvinnumarkaðinn. Málþingið var að sjálfsögðu einungis rafrænt vegna þeirra aðstæðna sem við búum við núna en opið okkur sem vildu fylgjast með í streymi.

Erindi fyrirlesara áttu það öll sameiginlegt að fjalla um framtíðarvinnumarkaðinn og það hvernig við starfsfólk og stjórnendur gætum tekist á við hann sem best. Í upphafi málþingsins fór Sólveig Jónasdóttir, kynningarfulltrúi hjá Sameyki, yfir niðurstöður þemaspurninga úr könnuninni um Stofnun ársins.

Fyrirlesarar á málþinginu auk þátttakenda í verkefninu voru: Bergur Ebbi rithöfundur, Karl Sigurðsson Vinnumálastofnun, Pétur Jónasson Kjara- og mannauðssýslu ríkisins, Auður Björgvinsdóttir skrifstofustjóri Mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar, Guðfinna Harðardóttir framkvæmdastjóri Starfsmenntar, Lilja Rós Óskarsdóttir Fræðslumiðstöð atvinnulífisins, Vilmar Pétursson Vinnumálastofnun, Þórunn Valdís Rúnarsdóttir deildarstjóri VMST, Herdís Þórunn Jakobsdóttir fulltrúi VMST, Sólborg S. Borgarsdóttir deildarstjóri HMS, Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi HMS, Þóra Kemp deildarstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Eybjörg Geirsdóttir teymisstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Huginn Freyr Þorsteinsson formaður stýrihóps aðgerðaáætlunar um fjórðu iðnbyltinguna.

Málþingsstjóri var Sirrý Arnardóttir

Stytting vinnuvikunnar

Alls birtust greinar og umfjallanir um málefnið Styttri vinnuvika 62 sinnum í fjölmiðlum.

Herferð Sameykis vegna styttingu vinnuvikunnar hófst 3. nóvember 2020 með birtingu á skoðanagrein formanns Sameykis sem birt var á visir.is og samtímis á sameyki.is og facebooksíðu Sameykis. Herferðin var unnin í samvinnu við Tjarnargötuna og undirverktaka; Svartagaldur, Kaliber og Ampere um ákveðna þætti hennar eins og útlit leiks, birtingaplan o.þ.h. Tengiliður frá Tjarnargötunni var Einar Benedikt Sigurðsson.

Herferðin hófst eins og áður sagði 3. nóvember á samfélagsmiðlum. Í kjölfarið hófst kynning á útliti og einkenni herferðarinnar frá Tjarnargötunni. Mánuði áður en herferðin hófst hafði Sameyki auglýst í útvarpi og vakti sú auglýsing töluverða athygli.

Leikur til vitundarvakningar

5. nóvember var sendur út markpóstur til félagsmanna með tölvupósti. Um var að ræða leik til að upplýsa félaga Sameykis um styttingu vinnuvikunnar úr 40 klukkustundum í 36 klukkustundir og auka vitundina um mikilvægi þess. Dreginn var út vinningshafi í leiknum sem um 2.500 manns tóku þátt í.

Skoðanagreinar og viðtöl

Stefnt var á að ná fyrstu birtingum um styttingu vinnuvikunnar, herferðina og þann góða árangur sem Sameyki náði í báráttunni um kjör félagsmanna, í fjölmiðlum. Nokkuð þétt umfjöllun um efnið var í blaði Sameykis, á vef og Facebook síðu félagsins. Einnig voru námskeið og fundir nýttir til umfjöllunar. Þá var efni og fræðsla frá BSRB um styttingu vinnuvikunnar nýtt og deilt á miðlum stéttarfélagsins. Alls birtust greinar og umfjallanir um málefnið Styttri vinnuvika 62 sinnum í fjölmiðlum.

Þú getur skippað núna

Sameyki fól Tjarnargötunni að gera myndbandsauglýsingu sem var frumbirt 9. desember og var hún lokahnykkurinn á herferðinni. Aðallega var hún hugsuð til birtingar á facebook síðu Sameykis og er þar sýnileg öllum sem heimsækja síðuna. Í janúar höfðu 5.100 horft á alla auglýsinguna en hún hafði verið birt 133.200 sinnum á facebook, YouTube og Instagram.

Stjórn Sameykis

Stjórn Sameykis. Efsta röð fv. Garðar Hilmarsson varaformaður, Árni Stefán Jónsson formaður, Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir, Rut Ragnarsdóttir, Jón Bergvinsson, Garðar Svansson. Miðröð fv. Berglind Margrét Njálsdóttir, Þórey Einarsdóttir, Bryngeir A. Bryngeirsson, Þórdís Björk Sigurgestsdóttir, Ingibjörg Sif Fjeldsted, Ramuné Kamarauskaite, Bryndís Theódórsdóttir, Jóhanna Lára Óttarsdóttir. **Neðsta röð fv.** Elín Helga Sanko, Sigrún H. Jónsdóttir, Herdís Jóhannsdóttir og Ingunn Hafdís Þorláksdóttir. Á myndina vantar Gunnar Garðarsson, Gunnar Rúnar Matthíasson og Viðar Ernir Axelsson.

Stjórn Sameykis starfar samkvæmt bráðabirgðarákvæðum í lögum Sameykis og verður stjórnin þannig skipuð fram að aðalfundi 2021. Eftir það skipa 15 manns stjórn samkvæmt lögum.

Haldnir voru 21 almennir stjórnarfundir en stjórnin fundar að öllu jöfnu hálfsmánaðarlega á ári. Þar að auki hélt stjórnin fundi með Expectus ráðgjafafyrirtæki sem fengið var til þess að gera úttekt á starfsemi félagsins og koma með tillögur að skipulagsbreytingum á skrifstofu Sameykis.

Rúmlega helmingur stjórnarfunda ársins 2020 hafa farið fram í gegnum fjarfundarbúnað vegna fjöldatakmarkana sóttvarnayfirvalda sem hafa verið í gildi í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins.

Í upphafi ársins 2020 einkenndist umræðan og störf stjórnar mjög mikið af kjaramálum. Enn voru lausir kjarasamningar við alla viðsemjendur Sameykis, en flestir þeirra höfðu verið lausir frá því í lok mars 2019.

Stjórn Sameykis hóf allan undirbúning fyrir aðalfund félagsins sem átti að halda í lok mars. Reikningar og skýrsla stjórnar voru tilbúin en aðstæður leyfðu ekki að haldinn yrði aðalfundur. Því var tekin sú ákvörðun að fresta honum um ótiltekinn tíma.

Aðalfundur var svo haldinn 17. september 2020 með blandaðri leið þannig að hluti hópsins mætti á fundarstað en hinn hluti hópsins sótti fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Stjórn Sameykis skipa árið 2020:

Árni Stefán Jónsson, formaður
Garðar Hilmarsson, varaformaður
Ingibjörg Sif Fjeldsted, ritari
Berglind Margrét Njálsdóttir
Bryndís Thedórsdóttir
Bryngeir A. Bryngeirsson
Elín Helga Sanko
Garðar Svansson
Gunnar Garðarsson
Gunnar Rúnar Matthíasson
Herdís Jóhannsdóttir
Ingunn Hafdís Þorláksdóttir
Jóhanna Lára Óttarsdóttir
Jón Bergvinsson
Ramuné Kamarauskaite
Rut Ragnarsdóttir
Sigrún Helga Jónsdóttir
Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir
Viðar Ernir Axelsson
Þórdís Björk Sigurgestsdóttir
Þórey Einarsdóttir

Skrifstofa

Starfsemi á skrifstofu Sameykis var annasöm framan af ári bæði vegna viðræðna, boðun verkfalls og svo frágangi á kjarasamningum við 18 viðsemjendur félagsins með tilheyrandi atkvæðagreiðslum á kjarasamningum í lok hvers samnings. Samvinnan gerði það að verkum að þær skipulagsbreytingar sem gerðar voru við sameiningu félaganna festust enn frekar í sessi.

Verkefni skrifstofu eru fjölbreytt. Þjónusta við félagsmenn, hvort sem um er að ræða aðstoð við kjara- og réttindamál, umsóknir í sjóði félagsins eða umsóknir í orlofshús, þurfa vegna aðstæðna að fara fram í gegnum síma, tölvupóst eða með öðrum rafrænum hætti. Þar að auki, vegna fjöldatakmarkana, hefur hluti starfsmanna þurft að vinna að heiman mikinn hluta ársins. Starfsfólk hefur staðið sig vel í því að aðlagast þessum aðstæðum og allir tekið þátt í því að tæknivæðast og auka hæfni sína.

Skrifstofan heldur utan um allt félagsstarf og viðburði hjá félaginu, svo sem trúnaðarmannaráðsfundi, fulltrúaráðsfundi, stjórnarfundi ásamt fundum nefnda og deilda innan stéttarfélagsins.

Skipulagðir voru fundir með félagsmönnum út um allt land. Búið var að panta sali og veitingar en vegna aðstæðna þurfti að blása alla þessa fundi af.

Starfsmenn tóku þátt í greiningu sem Expectus gerði á starfsemi félagsins með því að fara í viðtöl við sérfræðinga frá fyrirtækinu sem kom svo í lok árs með tillögur að breyttu skipuriti og skipulagi starfanna innan skrifstofu. Starfsfólk Sameykis mun því takast á við og aðlagast nýju skipulagi í störfum sínum á árinu 2021.

Starfsfólk á skrifstofunni voru 19 á árinu í 16,7 stöðugildum og sinntu þau fjölbreyttum verkefnum hvert á sínu verksviði.

Anna Dóra Þorgeirsdóttir fjármálafulltrúi

Axel Jón Ellenarson upplýsingafulltrúi

Árni Stefán Jónsson formaður

Ása Clausen verkefnastjóri orlofsmála

Garðar Hilmarsson varaformaður

Guðmundur Freyr Sveinsson sérfræðingur á kjarasviði

Guðný Elísabet Leifsdóttir fjármálastjóri

Hrannar Gíslason verkefnastjóri sjóða

Ingveldur Jónsdóttir þjónustufulltrúi á skrifstofu Akranesi

Íris Gefnardóttir þjónustufulltrúi

Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri mannauðs- og þjónustu

Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri

Katrín Arnórsdóttir sérfræðingur á kjarasviði

Kristín Erna Arnardóttir sérfræðingur á félagssviði

Lára Júlíusdóttir verkefnastjóri sjóða

Margrét Einarsdóttir Þjónustufulltrúi

Sólveig Jónasdóttir upplýsingafulltrúi (í leyfi)

Stefanía Jóna Níelssen sérfræðingur á kjarasviði

Þórarinn Eyfjörð framkvæmdastjóri kjara- og reksturs

Upplýsinga- og útgáfumál

Fréttasíða Sameykis miðlar reglulega fréttum og upplýsingum úr starfi stéttarfélagsins.

Vefur Sameykis

Eins og kom fram í síðustu ársskýrslu Sameykis var nýr vefur stéttarfélagsins tekinn í notkun í september 2019. Þá sagði að markmiðið með honum væri að búa til vef sem þjónaði öllu félagsfólki Sameykis sem best.

Á vef Sameykis voru birtar 234 fréttir og tilkynningar á árinu 2020 auk fundatilkynninga og fleira fræðsluefnis sem erindi átti til félagsmanna.

Vefur Sameykis er þjónustuvefur og í gegnum hann er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum mínar síður auk þess sem afgreiðslur ýmissa mála fara í gegnum vefinn.

Þegar lykiltölur fyrir sameyki.is frá janúar 2020 til loka desember sama ár eru skoðaðar kemur eftirfarandi í ljós:

343.753 heimsóknir voru á vefinn af 115.635 notendum. 67.9% þeirra notenda eru nýir notendur á vefnum en 32.9% voru reglulegir notendur. Þann 9. mars 2020 þegar Sameyki stefndi í verkfall náðu heimsóknir á vefinn toppi eða 10.959 stakar heimsóknir voru þann daginn.

8.570 nota vefinn á mánuði yfir tímabilið og hefur þeim fjölgað frá síðasta ári. Á degi hverjum heimsækja 229 notendur vefinn.

Notendur koma flestir á vefinn með því að slá inn veffang Sameykis eða 43.79%. Þar á eftir í gegnum Google leitarvélina eða 40.82% og þar á eftir Facebook 8.5%.

Helsta tækið sem notendur vefsins nota til að fara inn á vef Sameykis er snjallsími eða rúmlega 50% nota hann þegar þeir fara á vef Sameykis. Þar á eftir eru borðtölvur eða rösklega 46% og spjaldtölvur reka svo lestina með tæp 4%.

Fleiri konur en karlar heimsækja vefinn samkvæmt mælingum. Tæplega 60% eru konur en rúm 40 karlar.

Mínar síður

Á Mínum síðum geta félagsmenn sótt um styrki í þeim sjóðum sem heyra undir þeirra kjarasamninga. Á árinu var bætt inn félagskírteini og geta félagsmenn nálgast það undir mínar upplýsingar.

- Alls eru innskráningar á Mínar síður Sameykis 58.364, eða að meðaltali 4.864 á mánuði
- Notendur voru 26.877, þar af voru 25.412 þeirra nýir notendur sem er 68,3%
- Notendur skoðuðu að meðaltali 3,5 síður í hverri heimsókn og dvöldu að meðaltali í 3 mínútur í hverri heimsókn.
- Um 43,8% innskráninga koma frá snjallsímum og 2,3% úr spjaldtölvum.
- Flestar skráningar inn á Mínar síður voru þann 17. febrúar 2020, sama dag og byrjað var að boða til verkfallsaðgerða. Innskráningar voru 4.838 en þar að baki stóðu 4.251 félagsmenn.

Facebook

Fylgjendur á Facebook síðu félagsins eru rúmlega 6100. Þar birtast fréttir frá Sameyki og leitast er við að deila áríðandi tilkynningum til félagsfólks og ýmsum fróðleik. Félagið hefur einnig stofnað lokaðan Facebook hóp fyrir trúnaðarmenn þar sem þeir geta meðal annars fylgst með beinum útsendingum trúnaðarmannafunda.

Instagram

Þessi samfélagsmiðill sem byggir á deilingu ljósmynda hefur legið í láginni að undanförnu en stefnt er að því að hefja markvissar birtingar ljósmynda á miðlinum frá félagastarfinu og uppi eru hugmyndir um að fá félaga Sameyki til þátttöku með því að þeir taki við „Story“ viku í senn. Þannig myndi miðillinn spegla störf fólks sem eru í félaginu á einum stað. Sameyki notar myllumerkið #sameyki.

Veffréttabréf

Veffréttabréf er sent reglulega á netfang félagsmanna, eða um það bil mánaðarlega. Sendar eru út tilkynningar um námskeið, kosningar og fréttir sem eiga erindi.

Blað Sameykis

Blaðið okkar kom út fjórum sinnum á síðasta ári og tók Axel Jón Ellenarson upplýsingafulltrúi Sameykis við ritstjórn blaðsins frá því á haustmánuðum 2020. Sólveig Jónasdóttir upplýsingafulltrúi ritstýrði áður blaðinu en er í tímabundnu leyfi.

Orlofsblað

Í mars 2020 var gefið út veglegt orlofsblað sem á að þjóna nokkurs konar hlutverki handbókar og var það sent heim til allra í félaginu. Í blaðinu eru lýsingar á öllum orlofshúsum og orlofskostum félagsins sem standa félagsfólki til boða auk ítarlegra leiðbeininga um orlofskerfið okkar.

Ársskýrsla

Sameyki gaf í fyrsta sinn út ársskýrslu fyrir árið 2020 sem lögð var fram á aðalfundi stéttarfélagsins. Fresta þurfti aðalfundinum vegna COVID-19 sem vera átti 31. mars og var haldinn 17. september 2020.

Dagbók

Gefin var út dagbók og var félagsfólki boðið að fá hana senda eða sækja sjálft á skrifstofu. Bókin er í A6 opnu broti og inniheldur auk dagatalsins ýmsar upplýsingar og fróðleik um starfsemi félagsins. Fjölmargir nýttu sér að fá bókina senda.

Bæklingur

Sameyki gaf út bækling sem bar heitið Stöndum saman sterkari. Tilgangur útgáfunnar er að geta afhent nýjum félögum gagn sem inniheldur í stuttu máli upplýsingar um Sameyki og kjarnastarfsemi stéttarfélagsins.

Stofnun ársins – sérrit

Í tilefni að kynningu á niðurstöðum Stofnunar ársins gefur félagið út sérrit sem dreift er á hátíðinni þar sem niðurstöður eru tilkynntar. Þessar sömu niðurstöður eru síðan kynntar á vefnum og í blaði Sameykis.

Fræðslustarf

Námsstofa um styttingu vinnuvikunnar.

Helstu fræðslutengdu verkefnin á árinu 2020 voru samkvæmt venju skipulagning trúnaðarmannafræðslu, Gott að vita námskeiðin, samstarf við fræðslumiðstöðvar, þátttaka í Starfsgreinaráði heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina, starf með Menntanefnd BSRB og skipulagning málþingsins Framtíðin er núna í tengslum við könnunina um stofnun ársins svo eitthvað sé nefnt. Einnig fór töluverður tími í að finna leiðir og lausnir til að bjóða félagsmönnum upp á vefnám og veffyrirlestra á tímum Covid. Eitthvað var um að fella þyrfti niður námskeið og fyrirlestra en þegar líða tók á árið fór fræðslan meira og minna fram í gegnum fjarfundabúnað og má með sanni segja að þarna hafi félagsmönnum og þeim sem koma að fræðslumálum verið hent út í djúpu laugina.

Meðal ánægjulegra áfanga sem náðust á árinu var að 23 starfsmenn ríkisins útskrifuðust úr diplómanámi í opinberri stjórnsýslu frá Háskólanum á Bifröst. Þetta var í fyrsta sinn sem boðið var upp á nám í opinberri stjórnsýslu á fagháskólastigi og var það þróað af Fræðslusetrinu Starfsmennt og Háskólanum á Bifröst í samvinnu við Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Um er að ræða tilraunaverkefni sem er liður í að fjölga menntunar- og starfsþróunarúrræðum fyrir ríkisstarfsmenn. Námið er fullgilt 60 ECTS eininga diplómanám á háskólastigi og nýtast námsþættirnir opinberum starfsmönnum til að dýpka skilning á samhengi opinbers rekstrar og öðlast aukna innsýn í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Annar ánægjulegur áfangi var að nám félagsliða var fært af 2. þrepi íslenska hæfnirammans um menntun yfir á 3. þrep. Þetta var gert til að koma til móts við þær auknu kröfur sem gerðar eru til félagsliða um að veita félagslegan stuðning innan velferðar- og heilbrigðisþjónustu, á öldrunarheimilum og við endurhæfingu í heimahúsum. Starfsgreinaráð HFU vann að endurskoðun á hæfnikröfum en þetta er mikilvægt skref þar sem vinnumarkaðurinn stendur frammi fyrir miklum áskorunum sem tengjast m.a. lýðfræðilegum breytingum og tæknibreytingum. Hvað varðar lýðfræðilegu breytingarnar þá snúast þær um hækkandi lífaldur íslensku þjóðarinnar og breytta samsetningu þjóðarinnar þar sem hlutfall fólks af erlendum uppruna hefur farið vaxandi. Þetta kallar í auknum mæli á þverfaglega teymisvinnu allra sem starfa innan velferðar- og heilbrigðiskerfisins, þar á meðal félagsliða en þeir sinna m.a. einstaklingum með fötlun, geðraskanir, öldruðum og langveikum.

Áhersla var lögð á það að ná til atvinnuleitenda innan Sameykis um upplýsingagjöf og fræðslu en félagsmenn sem missa vinnuna geta óskað eftir því að greiða stéttarfélagsgjald til Sameykis og hafa þá aðgang að fræðslustyrkjum og fræðslu sem Sameyki skipuleggur.

Ljóst er að mikil vinna er framundan í fræðslumálum í tengslum við áskoranir vinnumarkaðar framtíðarinnar sem tengjast m.a. tækniþróun og lýðfræðilegum breytingum.

Gott að vita námskeiðið Fjallgöngur fyrir byrjendur. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Gróa Másdóttir. Ljósmynd/Gróa Másdóttir

Gott að vita

Gott að vita náms- og þjálfunarkerfi fyrir félagsmenn Sameykis og Kjalar á árinu 2020 stóð fyrir 54 námskeiðum, þjálfunarleiðum og fyrirlestrum í Reykjavík, á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Árið fór af stað með hefðbundnum hætti og fjölbreytt dagskrá Gott að vita námskeiðanna var auglýst í lok janúar. Fyrstu námskeiðin fóru af stað en þegar kom fram í mars var ljóst að fella þyrfti niður öll námskeið vegna Covid-19. Þá var sest niður og reynt að finna leiðir til að bjóða félagsmönnum upp á fjarfræðslu. Margt var prófað, allt frá því að bjóða upp á fræðslufyrirlestra í beinni útsendingu til þess að gera konfekt heima í eldhúsi í fjarnámi. Meðal fyrirlestra voru Heilbrigði fyrir alla - alltaf, Listin að halda sönsum, Erfiðar aðstæður - jafnvægi á óvissutímum, Matur og gleði, Að standa af sér storminn og Líkamsbeiting þegar unnið er heima. Meðal námskeiða voru Fræðsla um fjarfundi, Golf, Spænska fyrir ferðamenn, Súrdeigsbrauð, Teppahekl, Konfektgerð, Fjallgöngur fyrir byrjendur og Ukulele.

Gott að vita námskeiðin eru fjölbreytt og hafa notið mikilla vinsælda. Hugmyndin að baki þeim er sú að hvetja fólk til að bæta sífellt við sig þekkingu enda hafa rannsóknir sýnt að þátttaka á hvers konar námskeiðum virkar oftast sem hvati til að læra meira.

Framvegis, miðstöð um símenntun, heldur utan um námskeiðin í Reykjavík í samstarfi við Sameyki og fundar meðal annars með nefnd Sameykis um framtíðarvinnumarkað til að ákveða námsframboð fyrir hverja önn. Námskeiðin á Norðurlandi og á Vestfjörðum eru í samstarfi við Kjöl stéttarfélag, Farskóla Norðurlands vestra, Símey og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Fræðsla trúnaðarmanna

Stytting vinnuvikunnar setti svip sinn á fræðslu trúnaðarmanna á árinu 2020 en einnig var að venju boðið upp á Trúnaðarmannanám í Félagsmálaskóla alþýðu. Alls var boðið upp á 7 námskeið á árinu 2020. Námið skiptist upp í 6 tveggja daga námskeið, alls 96 kennslustundir. Allir hlutar voru í boði á árinu og 2. hluti námskeiðsins var tvisvar. Í janúar, febrúar og mars á árinu 2021 var síðan boðið upp á hluta eitt, tvö og þrjú. Flest námskeið voru í fjarnámi á árinu og nú er Félagsmálaskóli alþýðu að taka upp LearnCove hugbúnað sem mun efla möguleika á fjarnámi og auðvelda þannig trúnaðarmönnum að sækja fræðslu trúnaðarmanna. Á árinu 2020 voru 99 námskeiðssæti nýtt af trúnaðarmönnum sem sóttu trúnaðarmannanám Félagsmálaskólans, þar af voru 70% konur og 30% karlar.

Ekki var boðið upp á fræðslumorgna á árinu 2020 þar sem aðaláherslan var lögð á að vinna að styttingu vinnuvikunnar.

Tólf tveggja klukkustunda námsstofur um styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu voru haldnar í september og október. Trúnaðarmenn voru boðaðir sérstaklega á námsstofurnar og var þeim skipt niður á daga eftir eðli vinnustaða þannig að góðar umræður gætu skapast meðal trúnaðarmanna á sambærilegum vinnustöðum. Markmiðið var að styrkja þá í hlutverki sínu til að taka þátt í og eða standa vörð um þá vinnu sem var framundan á vinnustöðum um styttingu vinnuvikunnar sem var jú langþráður áfangi og því mikilvægt að vel takist til í þeirri vinnu. Vel var hugað að sóttvörnum, m.a með því að takmarka fjölda á hvert námskeið og tryggja þannig 2 metra bil á milli fólks, andlitsgrímur voru aðgengilegar og spritt. Þeir sem ekki treystu sér á slík mannamót gátu tekið þátt í fjarfundi.

Þá var unnið að námsstofum um styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu og voru þær fimm talsins, haldnar í janúar og febrúar, tvær klukkustundir í hvert skipti. Markmiðið var að gera trúnaðarmenn sem vinna vaktavinnu hæfari til að takast á við það verkefni að stytta vinnuvikuna. Auka skilning trúnaðarmanna á nýjum launahvötum og mikilvægi jafnrar dreifingar vinnutíma og álags í nýju vaktakerfi. Námsstofurnar fóru fram á Teams.

Starfsmennt fræðslusetur

Líkt og hjá öðrum litaðist starfsemi Starfsmenntar árið 2020 töluvert af heimsfaraldri kórónaveirunnar. Segja má að sumar áskoranirnar hafi verið kærkomnar því þær ýttu fræðsluaðilum út í að nýta betur rafræna miðla í námi og kennslu. Starfsmennt var engin undantekning og lærðum við bæði að nota Teams og Zoom í kennslu sem og að útbúa fræðslumyndbönd og setja saman nám sem aðeins fór fram á vef. Fundir fóru einnig fram ýmist í Teams eða Zoom þar með taldir rýnihópafundir með fulltrúum stofnana sem höfðu óskað eftir aðstoð Starfsmenntar við að greina fræðsluþarfir starfsfólks síns. Samtöl einstaklinga við náms- og starfsráðgjafa voru einnig í boði á rafrænan máta.

Árið 2020 töldu námstilboð á vegum Starfsmenntar 264 sem var aðeins minna en árið 2019 þegar þau voru 290. Skráningar í nám og fræðslu voru hins vegar fleiri árið 2020 en árið á undan eða 3.107 á móti 2.730. Áfram var lögð sérstök áhersla á að bjóða upp á námskeið sem taka til hæfni sem fjórða iðnbyltingin krefst en eins var brugðist við ástandinu og bætt við námskeiðum um fjarfundi og teymisvinnu á vef til að mæta nýjum raunveruleika margra opinberra starfsmanna. Þá lauk Starfsmennt við þróun námskeiðsins Stafræna hæfnihjólið sem styður við almenna stafræna hæfni. Námskeiðið samanstendur af 16 námsþáttum og er það opið öllum endurgjaldslaust á vef Starfsmenntar. Einnig hefur stofnunum boðist að fá námskeiðsgögnin til sín, til að setja í eigið námskerfi, ef slíkt er fyrir hendi.

Fjórða iðnbyltingin eða stafræna byltingin krefst þó ekki einungis hæfni til að nota upplýsingatækni og stafræna miðla heldur þarfnast samfélagið þess að mannveran rækti með sér sína mannlegu eiginleika eins og tilfinningagreind, þrautseigju, gagnrýna hugsun og sköpun. Námsframboð Starfsmenntar árið 2020 endurspeglaði þessa þörf og var boðið upp á ýmis námskeið til að efla sjálfstraust, auka seiglu, beita gagnrýnni hugsun og vekja sköpunarkraftinn.

Starfsfólk Starfsmenntar skálar við samstarfsaðila fyrir vel heppnuðum upphafsfundi í verkefninu Com(m) on-line.

Ýmis konar samstarf hélt áfram á árinu þrátt fyrir Covid. Starfsmennt var m.a. í samstarfi við SÍMEY á Akureyri um þróun námskrár fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og sundlauga. Endurskoðunin byggir bæði á Þrótti, námskrá sem Starfsmennt vann fyrir nokkrum árum, sem og hæfnigreiningum og starfaprófílum sem SÍMEY vann árið 2018. Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar veitti SÍMEY styrk til að þróa raunfærnimat til styttingar náms skv. námskránni og á Starfsmennt fulltrúa í stýrihópi þess verkefnis. Vonir eru því bundnar við að árið 2021 geti viðurkenndir framhaldsfræðsluaðilar boðið upp á vottað nám ásamt raunfærnimati fyrir starfsfólk íþróttamannvirkja og sundlauga.

Tvö erlend samstarfsverkefni eru í gangi, Transforming VET 4.0 sem lýtur að þeim áskorunum sem starfsmenntun og starfsmenntakennarar standa frammi fyrir í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og lýkur því verkefni árið 2021. Nýtt verkefni hófst í árslok 2020 sem nefnist Com(m) on-line. Markmið þess er að skilja betur hvaða kennslufræði hentar efni og aðstæðum hverju sinni þegar kennsla og nám fara fram um stafræna miðla. Bæði verkefnin eru styrkt af Erasmusplus, menntaáætlun Evrópusambandsins.

Breytingar á kjarasamningum, þar sem veitt er heimild til endurskoðunar á vinnutíma, var ný áskorun á opinberum vinnumarkaði og bauð Starfsmennt því upp á nokkur námskeið um betri tímastjórnun og skipulag verkefna til að styðja við þessa breytingu. Þá var leitað til Starfsmenntar um að halda utan um umsýslu með námskeiðum í tengslum við innleiðingu á betri vinnutíma í vaktavinnu. Í desember voru sett upp 17 slík námskeið með 590 skráðum þátttakendum. Auk umsýslu með námskeiðum útbjó Starfsmennt þrjú myndbönd sem birt hafa verið á vefnum www.betrivinnutimi.is. Reiknað er með að verkefninu ljúki um mitt ár 2021.

Árið 2020 var sannarlega ár áskorana og hristi upp í ýmsum hlutum, en lærdómurinn sem við drögum af því er mikilvægur og gefur fulla ástæðu til að líta björtum augum á framtíð fræðslu og náms sér í lagi hvað varðar aðgengi allra landshluta að námsframboði Starfsmenntar.

Fulltrúar félagsins í ýmsum stjórnum, nefndum og starfshópum

Stjórn BSRB
Garðar Hilmarsson, 1. varaformaður BSRB (2018-2021)
Árni Stefán Jónsson stjórn

Kjaranefnd BSRB
Garðar Hilmarsson og Þórarinn Eyfjörð

Nefnd BSRB um fjölskylduvænt samfélag og jafnréttismál
Sólveig Jónasdóttir og Bryngeir A. Bryngeirsson

Menntanefnd BSRB
Ingibjörg Sif Fjelsted og Jóhanna Þórdórsdóttir

Velferðarnefnd BSRB
Herdís Jóhannsdóttir og Vésteinn Valgarðs

Réttindanefnd BSRB
Halldór Gunnarsson og Stefanía J. Nielsen

Umhverfisnefnd BSRB
Guðmundur Freyr Sveinsson

Yfirkjörstjórn BSRB
Gréta Húnfjörð Sigurðardóttir

Stjórn ROM (Rekstrarfélag orlofsmála í Munaðarnesi)
Ólafur Hallgrímsson, formaður frá 2019-2020 og Hörður Heiðar Guðbjörnsson

Stjórn ROE (Rekstrarfélag orlofsmála á Eiðum)
Ingunn H. Þorláksdóttir

Stjórn LSR
Árni Stefán Jónsson, varaformaður

Fulltrúi BSRB í Starfsnefnd LSR
Jakobína Þórðardóttir

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs
Garðar Hilmarsson

Stjórn Lífeyrissjóðs Starfsmanna Reykjavíkur
Ása Clausen og Þorgrímur Hallgrímsson
Kolbrún Hauksdóttir og Kjartan G. Ingvason varamenn

Úrskurðarnefnd um eftirlaun hjá LSRb
Jakobína Þórðardóttir og Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Stjórn Framvegis símenntunarmiðstöð
Jóhanna Þórdórsdóttir formaður, Bryngeir Arnar Bryngeirsson og Jakobína Þórðardóttir. **Varamenn:** Árni Stefán Jónsson og Guðríður Sigurbjörnsdóttir.

Stjórn Starfsmenntar
Þórarinn Eyfjörð, formaður og Jóhanna Þórdórdóttir varamaður

Úthlutunarnefnd þróunarverkefna Fræðslusjóðs
Jóhanna Þórdórsdóttir tók við af Guðríði Sigurbjörnsdóttur í mars 2020

1. maí nefnd Reykjavík
Þórarinn Eyfjörð

Stjórn RUS (Rekstrarfélag um starfsendurhæfingu)
Árni Stefán Jónsson

Starfsgreinaráð fyrir heilbrigðis, félags og uppeldisgreinar
Jóhanna Þórdórsdóttir

Stjórn Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja
Ingibjörg Óskarsdóttir

Stjórn Félagamiðstöðvarinnar Grettisgötu 89
Þórarinn Eyfjörð

Vinnumarkaðsráð höfuðborgarsvæðisins
Sigrún Helga Jónsdóttir

Ferðakostnaðarnefnd ríkisins
Guðmundur F. Guðmundsson

Erlent samstarf:
NOFS (Nordens Offentliganställdas Fackliga Samorganisation)
Árni Stefán Jónsson og Sólveig Jónasdóttir

NSO (Nordiska statstjanestemanna organisationen)
Árni Stefán Jónsson og Þórarinn Eyfjörð

NTR (Nordisk tjenestemandsrad)
Jakobína Þórðardóttir

Norræn samtök NFS
Árni Stefán Jónsson

EPSU – NEA nefnd um ríkisrekstur
Sólveig Jónasdóttir

Fulltrúaráð

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Fulltrúaráðið er skipað stjórn félagsins, formönnum sjóða félagsins og 90 fulltrúum sem kosnir eru af trúnaðarmannaráði á fyrsta trúnaðarmannaráðsfundi að hausti eftir kosningu á oddatöluári. Við kosningu fulltrúa í fulltrúaráðið skal tryggt að kosnir séu að lágmarki tveir fulltrúar frá eftirtöldum landshlutum: Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Einnig skal tryggt að kjarasamningsaðilar eigi að lágmarki tiltekinn fjölda fulltrúa í ráðinu, nánar tiltekið; kjarasamningur ríkisins/sjálfseignarstofnanir (10 fulltrúa), kjarasamningur sveitarfélaganna/sjálfseignarstofnanir (10 fulltrúa), kjarasamningur – SA og annarra sem félagið gerir kjarasamning við (5 fulltrúa).

Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Trúnaðarmannaráð setur nánari reglur um framkvæmd kosninga í fulltrúaráði.

Hlutverk fulltrúaráðs Sameykis er að vinna að stefnumótun fyrir félagið í samráði við stjórn. Fulltrúaráðið annast einnig undirbúning fyrir aðalfund félagsins, þar á meðal að kjósa uppstillingarnefnd og laganefnd þegar það á við. Á fundum fulltrúaráðs skal m.a. gerð grein fyrir fjárhagsstöðu sjóða félagsins og lögð fram skýrsla yfir starfsemina einu sinni á ári.

Fulltrúaráðið ákveður hvaða fastanefndir skulu starfa, setur þeim reglur og kýs í þær. Fulltrúaráð getur einnig stofnað aðrar nefndir eða vinnuhópa innan félagsins í kringum sérstök verkefni. Fulltrúaráðið fjallar eins og trúnaðarmannaráðið um kjara- og réttindamál og annast undirbúning kjarasamninga.

Á fundi trúnaðarmannaráðs Sameykis þann 11. september 2019 var kosið í fulltrúaráðið. Fyrsti fundur fulltrúaráðsins var svo haldinn miðvikudaginn 16. október og þá var tekin ákvörðun um fastanefndir Sameykis og kosið í þær.

Nefndirnar eru fjórar

Nefnd um jafnréttismál hefur það hlutverk að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis. Hún skal fylgjast með kynbundnum launamun, vera vakandi fyrir kynbundinni mismunum á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar. Nefndin á einnig að hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál innan Sameykis sem utan.

Nefnd um umhverfis- og loftlagsmál skal vinna tillögu að umhverfisstefnu fyrir Sameyki og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki getur veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í loftlagsmálum. Nefndin skal koma með tillögur um það hvernig félagið getur aukið meðvitund félagsmanna og haft áhrif til vistvænni lifnaðarhátta.

Nefnd um félagsleg málefni skal vera stefnumótandi um upplýsingamiðlun til félagsmanna t.d. með útgáfu blaðsins, efni á vef og þátttöku á samfélagsmiðlum. Markmið nefndarinnar er að auka tengsl við félagsmenn og efla samheldni og félagsanda meðal félagsmanna.

Nefnd um framtíðarvinnumarkaðinn fjallar um breytingar á vinnumarkaði vegna fjórðu iðnbyltingarinnar og annarra fyrirsjáanlegra breytinga s.s. á aldursamsetningu þjóðar, fjölþjóðlegra samfélagi og græna hagkerfinu. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um og koma með hugmyndir að því hvernig Sameyki getur sem best undirbúið félagsmenn undir breytingar á vinnumarkaði, skoði hvernig vinnustaðir komi til móts við starfsmenn með sí- og endurmenntun og þjálfun fyrir ný störf.

Fundir fulltrúaráðs voru einungis tveir á tímabilinu þar sem þremur fyrirhuguðum fundum var breytt í trúnaðarmannaráðsfundi vegna kjarasamninganna. Á fulltrúaráðsfundinum 24. nóvember 2020 var kosin uppstillingarnefnd sem falið var að stilla upp stjórn og formanni fyrir aðalfund í mars 2021. Á fulltrúaráðsfundi 8. febrúar 2021 lagði uppstillingarnefnd fram tillögu sína. Á fundinum var kosið milli þeirra þriggja sem buðu sig fram til formanns sem voru þau Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir, Garðar Svansson og Þórarinn Eyfjörð sem hlaut meirihluta atkvæða.

Framtíðarnefndin

Nefnd um framtíðarvinnumarkað hittist 5 sinnum á árinu 2020. Meginhlutverk nefndarinnar er að kynna sér breytingarnar samfara fjórðu iðnbyltingunni og finna leiðir til að koma þekkingunni til félagsmanna. En nefndin hefur líka það hlutverk að koma með hugmyndir að fyrirlestrum og námskeiðum fyrir Gott að vita námskeiðin.

Henný Hinz var gestur á fundi nefndarinnar í september. Hún sat í verkefnastjórn um aðgerðir Íslands vegna fjórðu iðnbyltingarinnar. Verkefnastjórninni var ætlað að koma með tillögur til stjórnvalda um beinar aðgerðir sem þarf að ráðast í til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna. Leiðarstef aðgerðaráætlunarinnar er að leggja rækt við þekkingu, uppbyggingu hennar og flæði um samfélagið allt til að sporna gegn þróun samfélags sem skiptist í hópa; þeirra sem eiga eða eiga ekki, kunna eða kunna ekki, skilja eða skilja ekki. Henný benti á að styrkur okkar á Íslandi væri sterk hefð fyrir þríhliða samtali á vinnumarkaði; stjórnvöld, atvinnurekendur og stéttarfélög. Mikilvægt væri að vinna saman að því að takast á við umbreytingarnar framundan.

Í nefndinni sitja þau Baldur Vignir Karlsson, Bergþóra Skarphéðinsdóttir, Höskuldur Einarsson, Margrét Högnadóttir, Ramuné Kamarauskaite, Ragnheiður Hansen og Sólrún Færset.

Nefnd um umhverfis og loftlagsmál

Sameyki lætur sig varða umhverfis og loftslagsmál og stuðlar að því að sem flestir geri sér grein fyrir því að það þarf að tryggja að við höfum jörð til að starfa á. Engin jörð engin störf!

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að tillögum um umhverfisstefnu Sameykis og koma með hugmyndir um hvernig Sameyki geti veitt stjórnvöldum og atvinnurekendum aðhald í umhverfis- og loftlagsmálum. Einnig á nefndin að koma með tillögur um það hvernig Sameyki getur unnið að því að verða vistvænna í starfsemi sinni og hvernig félagið geti aukið meðvitund félagsmanna um umhverfis- og loftslagsmál og haft áhrif á og stuðlað að vistvænni lifnaðarháttum.

Nefndina skipa þau; Anna Pálína Jónsdóttir Skógræktinni, Bjarni Benedikt Bjarnason Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Stella Aðalsteinsdóttir Umhverfisstofnun, Þorsteinn Jónsson Raunvísindastofnun HÍ, Hjörtur Árnason Veðurstofa Íslands, Pétur Ásbjörnsson Landspítali Háskólasjúkrahús og Bryngeir A. Bryngeirsson fulltrúi stjórnar, Frístundamiðstöð og formaður nefndarinnar. Jakobína Þórðardóttir framkvæmdastjóri þjónustu og mannauðs Sameykis er starfsmaður nefndarinnar.

Nefndin hélt sex fundi á árinu og hafði haldið tvo fundi árið áður eftir að nefndin var skipuð í september 2019. Markmiðið var að vinna að því að auka þekkingu á málaflokknum og vinna að gerð umhverfisstefnu fyrir Sameyki. Einnig var fjallað um hugmyndir að fræðsluefni, bæði fyrir trúnaðarmenn og almenna félagmenn.

Nefndin fékk á sinn fund gest frá BSRB, Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur hagfræðing, sem kom með mjög athyglisvert innlegg um umhverfis og loftslagsmál. Stjórn Sameykis óskaði eftir því að nefndin gerði drög að ályktun um umhverfis- og loftslagsmál fyrir aðalfund Sameykis. Enn stendur yfir vinna í hópum innan nefndarinnar við gerð á drögum um umhverfis- og loftlagsstefnu Sameykis.

Nefnd um Jafnréttismál

Sameyki lætur sig varða jafnréttismál og vill standa vörð um bæði félagslegt jafnrétti sem og kjarabundið jafnrétti.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna tillögur að stefnu í jafnréttismálum innan Sameykis. Fylgjast með kynbundnum launamun, vera vakandi fyrir kynbundinni mismunum á vinnustöðum og í starfi Sameykis og koma með ábendingar til stjórnar. Þá ber nefndinni að hvetja til aukinnar umræðu um jafnréttismál innan Sameykis sem utan.

Nefndina skipa þau; Elva Sveinsdóttir Sýslumaðurinn á Egilsstöðum, Judith Varga skrifstofa Strætó, Kári Sigurðsson Miðbergi félagsmiðstöð í Seljahverfinu (10-16), Guðbjörg Erna Erlingsdóttir Faxaflóahafnir, Ásta Hrönn Ásgeirsdóttir Ás, Hrafnista og Grund, Herdís Jóhannsdóttir formaður nefndarinnar og fulltrúi stjórnar, fjármálaskrifstofa Rvk.

Nefndin hélt fimm fundi á árinu og hafði haldið 2 fundi á fyrra ári þar sem fjallað var um gerð jafnréttisáætlunar. Nefndin fékk á fund til sín gest, Arnfríði Aðalsteinsdóttur, með fyrirlestur frá Jafnréttisstofu. Hún sagði m.a. að stéttarfélög væru með víðtækara hlutverk en t.d. fyrirtæki í jafnréttismálum. Hlutverk stéttarfélaga svipaði meira til sveitarfélaga sem hefðu þríþætt hlutverk; vinnustaður, gagnvart félagsmönnunum, og út á við röddin. Höfum skoðanamótandi hlutverk og erum einnig í hlutverki „fyrirmynda“.

Stjórn Sameykis óskaði eftir því að nefndin gerði drög að ályktun um jafnréttismál fyrir aðalfund Sameykis.

Enn stendur yfir vinna við gerð draga að jafnréttisáætlun fyrir Sameyki.

Nefnd um félagsleg málefni

Nefndin hafði ekki margt fyrir stafni árið 2020 vegna heimsfaraldursins en þó voru haldnir nokkrir góðir fjarfundir. Ekki reyndist hægt að halda neina af hefðbundnum viðburðum ársins; Páskaeggjabingó, jólaball eða aðventukvöld. Brugðið var á það ráð að efna til teiknimyndasamkeppni fyrir börn félagsmanna. Þemað var framtíðarvinnumarkaðurinn og bárust þó nokkrar glæsilegar teikningar sem síðan birtust í Sameykisblaðinu ásamt ljósmynd og viðtali við sigurvegara keppninnar. Nefndin bindur vonir við að með bjartari tíð verði hægt að halda fleiri viðburði fyrir félagsmenn á næstu misserum.

Nefndina skipa:
Áslaug Finnsdóttir frá Vættaskóla
Daði Sigmarsson frá Vinakoti
Egill Kristján Björnsson frá Fangelsismálastofnun
Gerður Magnúsdóttir frá Þjónustumiðstöð velferðar Vesturbæ
Inga Lára Pétursdóttir frá Fjölbraut við Ármúla
Rut Ragnarsdóttir frá Borgarbókasafni, fulltrúi stjórnar Sameykis og formaður nefndar
Sigurður Svanur Pálsson frá Barnaverndarstofu
Kristín Erna Arnardóttir frá Sameyki er starfsmaður nefndarinnar

Fræðslusjóðir Sameykis

Á árinu 2020 var unnið að samræmingu á möguleikum félagsmanna til fræðslustyrkja í kjölfar nýgerðra kjarasamninga. Samið var um Fræðslusjóð í kjarasamningi Sameykis við Reykjavíkurborg og við Félagsbústaði sem tók við af Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóði Sameykis og Vísindasjóði Sameykis sem voru lagðir niður 30. apríl 2020. Í Fræðslusjóð er greitt 0,92% iðgjald af heildarlaunum félagsmanna hjá þessum samningsaðilum og tók það gildi 1. maí 2020. Reglugerð fyrir Fræðslusjóð var samþykkt á aðalfundi Sameykis 17. september og í henni kemur fram að sjóðsstjórn veitir fjárstyrki til verkefna sjóðsins sem eru m.a. starfsmenntunar- og starfsþróunarstyrkir til sjóðfélaga, styrkir vegna vísindaverkefna til sjóðsfélaga sem eru í starfi sem krefst háskólamenntunar. Einnig eru veittir styrkir til stofnana, sviða og vinnustaða þar sem sjóðsfélagar starfa, til námskeiðahalds og annars kostnaðar við menntun. Stjórn Fræðslusjóðs tók jafnframt þá ákvörðun að fela stjórn Starfsmenntunarsjóðs að sjá um afgreiðslu styrkja til einstaklinga vegna starfsmenntunar og starfsþróunar frá og með 1. maí. Unnið var að sameiginlegum úthlutunarreglum fyrir alla félagsmenn vegna starfsmenntunarstyrkja og starfsþróunarstyrkja og tóku þær gildi 1. janúar 2021. Einnig tóku nýjar úthlutunarreglur vegna vísindaverkefna gildi 1. janúar 2021.

- Stjórn Starfsmenntunarsjóðs Sameykis hélt átta fundi á árinu. Í stjórninni eiga sæti Arnbjörg Gunnlaugsdóttir, Ólafía Lilja Sævarsdóttir, Páll Svavarsson, Svanhildur Steinarsdóttir, Þórdís Viborg og Þórey Einarsdóttir.
- Stjórn Fræðslusjóðs fundaði tvisvar á árinu 2020. Í stjórninni eiga sæti Árni Stefán Jónsson, Garðar Hilmarsson, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Kári Sigurðsson og Þórdís Sigurgestsdóttir.
- Stjórn Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóðs Sameykis hélt þrjá fundi á árinu 2020. Í stjórninni áttu sæti frá Reykjavíkurborg þær Anna Oddný Helgadóttir og *Sigríður Þrúður Stefánsdóttir*. Frá Sameyki áttu sæti í stjórn þau Garðar Hilmarsson og Jakobína Þórðardóttir en eins og áður kom fram var stjórnin lögð niður 1. maí.
- Stjórn Vísindasjóðs hélt sex fundi á árinu 2020. Í stjórninni áttu sæti Garðar Hilmarsson, Kristín Hauksdóttir og Ólöf R. Ámundadóttir en sú stjórn var einnig lögð niður 1. maí.
- Úthlutunarnefnd vegna vísindaverkefna fundaði tvisvar á árinu 2020 en ákvörðun um hana var tekin á fyrsta fundi Fræðslusjóðs Sameykis í lok október. Í henni sitja Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Kári Sigurðsson og Tui Hirv.

Í töflunum sem fylgja hér með má sjá yfirlit yfir styrki til einstaklinga. Annars vegar starfsmenntunarstyrki og starfsþróunarstyrki til félagsmanna á árinu 2020 en afgreiddir voru 2.678 styrkir en voru 3.095 talsins á árinu 2019. Fækkun styrkja má rekja til þess að árið einkenndist af fordæmalausum tímum vegna Covid-19 og var mikill samdráttur í styrkjum vegna náms- og kynnisferða og ráðstefna erlendis en þó var aukning í styrkjum vegna framhaldsskóla- og háskólanáms. Hins vegar er yfirlit yfir styrki vegna vísindaverkefna sem eru fyrir félagsmenn sem eru í starfi sem krefst háskólamenntunar og starfa hjá Ás, Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Skálatúni, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Strætó og Sveitarfélögum. Afgreiddir voru 416 styrkir á árinu en þeir voru 626 talsins á árinu 2019.

Þá má geta þess að Sameyki er með þjónustusamning við Félag starfsmanna stjórnaráðsins (FSS) og sér um afgreiðslu fræðslustyrkja til félagsmanna FSS sem eru 264 talsins. Á árinu 2020 voru afgreiddir 19 styrkir samtals að upphæð 1.848.040 kr. og þar af fóru rúmlega 35% í háskólanám og rúmlega 32% í námskeiðsgjöld.

Einstaklingsstyrkir til félagsmanna

Starfsmenntunarstyrkir og starfsþróunarstyrkir

Heiti styrks	Greidd upphæð 2020	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2020
Framhaldsskólanám	12.805.625	7,5%	190	9,9%	90	11,8%	280
Háskólanám**	108.232.628	63,4%	1.052	54,6%	438	57,6%	1.489
Lífsleikni	4.522.137	2,6%	177	9,2%	38	5,0%	215
Nám erlendis	500.000	0,3%	3	0,2%	3	0,4%	6
Náms-/kynnisferðir	11.022.025	6,5%	113	5,9%	56	7,4%	169
Námskeið	14.882.787	8,7%	253	13,1%	71	9,3%	317
Námskeiðsgjald*	6.423.387	3,8%	28	1,5%	11	1,4%	39
Námstengdur ferðastyrkur innanlands	146.304	0,1%	6	0,3%	0	0,0%	6
Ráðstefnur	773.301	0,5%	27	1,4%	4	0,5%	31
Ráðstefnugjald erlendis*	1.004.178	0,6%	6	0,3%	6	0,8%	12
Skólagjald*	3.051.740	1,8%	25	1,3%	5	0,7%	30
Starfsréttindanámskeið	7.409.789	4,3%	45	2,3%	39	5,1%	84
Samtals:	**170.773.901**	**100,0%**	**1.925**	**100%**	**761**	**100%**	**2.678**

Heiti styrks	Hækkun/lækkun á upphæð 2020 vs 2019	Hækkun/lækkun í % 2020 vs 2019
Framhaldsskólanám	827.065	6,5%
Háskólanám**	11.756.599	10,9%
Lífsleikni	- 1.457.738	-32,2%
Nám erlendis	224.000	44,8%
Náms-/kynnisferðir	- 27.588.120	-250,3%
Námskeið	- 2.981.421	-20,0%
Námskeiðsgjald*	- 3.520.053	-54,8%
Námstengdur ferðastyrkur innanlands	- 52.748	-36,1%
Ráðstefnur	- 1.620.061	-209,5%
Ráðstefnugjald erlendis*	- 11.972.176	-1.192,2%
Skólagjald*	- 1.438.022	-47,1%
Starfsréttindanámskeið	1.738.540	23,5%
Samtals:	**36.084.135-**	**-21,1%**

*Starfsþróunarstyrkir
**Starfsmenntunarstyrkir og starfsþróunarstyrkir

Styrkir vegna vísindaverkefna

Heiti styrks	Greidd upphæð 2020	% af heildar útgjöldum	Konur fjöldi	% af fjölda kvk	Karlar fjöldi	% af fjölda kk	Fjöldi styrkja 2020
Fræðibækur	1.097.910	3,2%	52	16%	17	17%	69
Háskólanám	18.690.650	55,1%	95	30%	36	37%	131
Náms- og kynnisferðir	3.577.406	10,6%	64	20%	13	13%	77
Námskeið	6.788.626	20,0%	59	19%	23	23%	82
Ráðstefnur	3.672.770	10,8%	46	14%	9	9%	55
Aðrir styrkir úr Vísindasjóð	78.500	0,2%	2	1%	0	0%	2
Samtals:	**33.905.862**	**100%**	**318**	**100%**	**98**	**100%**	**416**

Heiti styrks	Hækkun/lækkun á upphæð 2020 vs 2019	Hækkun/ lækkun í % 2020 vs 2019
Fræðibækur	- 128.975	-11,7%
Háskólanám	461.948	2,5%
Náms- og kynnisferðir	- 5.256.803	-146,9%
Námskeið	- 5.338.730	-78,6%
Ráðstefnur	- 21.989.981	-598,7%
Aðrir styrkir úr Vísindasjóði	- 307.500	-391,7%
Samtals:	**- 34.687.639**	**-102,3%**

Styrkir til stofnana, sviða, vinnustaða

Fræðslusjóður Sameykis

Eitt af verkefnum Fræðslusjóðs Sameykis er að úthluta styrkjum til Reykjavíkurborgar, Félagsbústaða, Strætó og Faxaflóahafna. Fræðslusjóður úthlutaði 9.038.700 kr. á árinu 2020 en alls voru þetta 35 styrkir; 26 til Reykjavíkurborgar, 3 til Strætó og 7 vegna félagsliðanáms í Borgarholtsskóla.

Í stjórn sjóðsins sitja Árni Stefán Jónsson, Garðar Hilmarsson, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Kári Sigurðsson og Þórdís Sigurgestsdóttir.

Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis

Þróunar- og símenntunarsjóður Sameykis úthlutar styrkjum til stofnana, ráðuneyta og atvinnurekenda sem greiða í sjóðinn. Þetta eru Ás styrktarfélag, Fríhöfnin, Isavia, Klettabær, Matís, Rarik, ríkisstofnanir, ráðuneyti fyrir starfsfólk í FSS, SÁÁ, SFV - Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, sjálfseignastofnanir, Skálatún og Vinakot.

Á árinu 2020 úthlutaði Þróunar- og símenntunarsjóður 46.876.639 kr. til 26 verkefna, þar á meðal verkefna á vegum Landspítalans, Samskiptamiðstöð heyrnarskertra og heyrnarlausra, Vinnueftirlitsins, Flensborgarskóla, Skógræktarinnar, Sýslumannsins á Vestfjörðum, Isavia, Landhelgisgæslu og Ás styrktarfélagi. Einnig voru sameiginleg verkefni Þróunar- og símenntunarsjóðs og Fræðslusetur Starfsmenntar styrkt líkt og fyrri ár en síðan Starfsmennt var sett á fót hafa fræðsluverkefnin í auknum mæli flust þangað. Líkt og fyrri ár hefur stjórn Starfsmenntunarsjóðs séð um afgreiðslu starfsþróunarstyrkja fyrir hönd stjórnar Þróunar- og símenntunarsjóðs og var framlag sjóðsins rúmar 31 milljón á árinu 2020.

Í stjórn sjóðsins sitja fyrir hönd Sameykis þau Árni Stefán Jónsson og Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir. Fyrir hönd fjármálaráðherra sitja þau Sara Lind Guðbergsdóttir og Einar Mar Þórðarson. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu 2020.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis hélt tvo stjórnarfundi á árinu 2020. Afgreiddar voru alls 4.887 umsóknir að upphæð kr. 233.103.389.- sem er lækkun milli ára um 5,4 milljónir. Fjöldi umsókna dróst saman um 10,6% á milli ára. Mesta lækkun milli ára er á líkamsræktarstyrkjum, 8,2 milljónir, en sú þróun kemur ekki á óvart á Covid tímum.

Sjúkradagpeningar eru enn stærsti útgjaldaliður sjóðsins eða 41% af heildar útgjöldum. Samtals 95 milljónir voru greiddar út, sem er óveruleg breyting frá árinu 2019, eða hækkun um rúma milljón.

Fjöldi umsókna um fæðingarstyrk fjölgar milli ára eða úr 130 umsóknum í 152 að upphæð 31 milljón. Það er ánægjuefni að sjá að þessi styrkur hefur farið ört vaxandi síðastliðin ár en til dæmis má nefna að umsóknir voru samtals 85 fyrir árið 2016. Sálfræðistyrkur var hækkaður áramótin 2018/2019. Við breytinguna hækkaði sá styrkur úr 6.5 milljónum í 11.7 milljónir 2019 eða um rúmar 5 milljónir. Árið 2020 voru umsóknir 586 og samtals greiddar 12.6 milljónir, sem eru 5% af útgjöldum sjóðsins.

Að venju er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn en alls voru afgreiddar 1.372 umsóknir að upphæð 28,5 milljónir.

Stjórn sjóðsins samþykkti að nýr styrkur yrði tekinn upp vegna ferðakostnaðar félagsmanna sem búsettir eru úti á landi.

Mun fleiri konur en karlar nýttu sér styrkina eða 3.768 konur (77%) á móti 1.119 körlum (23%). Á árinu 2020 fór Elín Sigurðardóttir í annað starf sem varð til þess að hún skipti um félag og hætti sem stjórnarmeðlimur. Eftirsitjandi stjórn þakkar Elínu ánægjulegt samstarf og óskar henni velfarnaðar á nýjum stað.

Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs Sameykis (kosin á aðalfundi 2017): Elín Sigurðardóttir frá Útlendingastofnun, Jóhanna Lára Óttarsdóttir frá Sýslumanninum á Höfuðborgarsvæðinu (tilnefnd af stjórn), Ómar Árnason frá Tækniskólanum, Pálmey H. Gísladóttir frá Greiningarstöð ríkisins og Pétur Ásbjörnsson frá Landspítala.

Flokkur	Greidd upphæð 2020	Konur	% kvk	Karlar	% kk	Fj. styrkja 2020	% Fj. styrkja
Augnaðgerð	3.200.000 kr.	24	71%	10	29%	34	1%
Dánarbætur	3.200.000 kr.	11	61%	7	39%	18	1%
Ferðastyrkur	25.000 kr.	0	0%	1	100%	1	0%
Fæðingarstyrkur	31.389.168 kr.	96	63%	56	37%	152	13%
Gleraugna eða linsukaupastyrkur	6.972.261 kr.	286	74%	101	26%	387	3%
Heilsustofnun NLFÍ	1.447.500 kr.	12	48%	13	52%	25	1%
Heyrnartæki	3.987.620 kr.	19	59%	13	41%	32	2%
Hjartarvernd	600.000 kr.	12	40%	18	60%	30	0%
Krabbameinsrannsóknir framh.	616.125 kr.	48	75%	16	25%	64	0%
Krabbameinsskoðun	3.489.630 kr.	677	100%	0	0%	677	1%
Líkamsrækt	28.470.843 kr.	1000	73%	372	27%	1372	12%
Sálfræðingur/félagsráðgjafi	12.661.502 kr.	428	73%	158	27%	586	5%
Sérstakar aðstæður	339.298 kr.	4	80%	1	20%	5	0%
Sjúkradagpeningar	95.179.941 kr.	262	78%	76	22%	338	41%
Sjúkraþjálfun og nudd	13.569.722 kr.	650	78%	183	22%	833	6%
Tannlæknakostnaður	25.527.029 kr.	225	73%	84	27%	309	11%
Tæknifrjóvgun	2.427.750 kr.	14	58%	10	42%	24	1%
Samtals	**233.103.389 kr.**	**3768**	**77%**	**1119**	**23%**	**4887**	**100%**

Styrktarsjóður BSRB

Félagsmenn Sameykis sem starfa hjá Reykjavíkurborg, Strætó, Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahöfnum, Félags-bústöðum, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Innheimtustofnun Sveitarfélaga, Sveitarfélaginu Akranesi og Sveitarfélaginu Seltjarnarnesi eru hluti félagsmanna Styrktarsjóðs BSRB.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB hélt 11 stjórnarfundi á árinu 2020. Afgreiddir voru styrkir til 3.817 félagsmanna að heildarfjárhæð kr. 216.393.919.

Helstu hækkanir á styrkjum sjóðsins á milli áranna 2019 og 2020 voru:

- Sjúkradagpeningar, sem er stærsti útgjaldaliðurinn, hækkuðu á milli áranna um 49 %
- Fæðingarstyrkir hækkuðu um 21%
- Styrkir vegna glasafrjóvgunar hækkuðu um 34 %
- Styrkir vegna heyrnartækja hækkuðu um 111 %

Fjöldi þeirra félagsmanna sem fengu fæðingarstyrk voru 158, 107 konur og 51 karlar að heildarfjárhæð kr. 34.111.465,-. Upphæð styrkveitinga í þessum flokki hækkaði og fjöldi félagsmanna jókst um 21%.

Að venju er líkamsræktarstyrkurinn vinsælasti styrkurinn. Samtals fengu 1.168 félagsmenn styrk að upphæð 25,9 milljónir samtals.

Konur stærri hluti styrkþega

Konur voru 73 % styrkþega eða 2.793 á móti 1.024 körlum.

Stjórn Styrktarsjóðs BSRB (kosin á aðalfundi 2019)

Garðar Hilmarsson, Sameyki, formaður, Ingunn Jóhannesdóttir, Kili, Sandra Bryndísardóttir Franks, Sjúkraliðafélagi Íslands, Vala Dröfn Hauksdóttir, Starfsmannafélagi Garðabæjar og Þórveig Þormóðsdóttir, Starfsmannafélagi Stjórnarráðsins, ritari. Varamenn eru Ásbjörn Sigurðsson, Félagi opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Karl Rúnar Þórsson, Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar.

Tegund styrks	Heildarúthlutun 2019	Heildarúthlutun 2020	% Greidd upphæð	kvk	% kvk	kk	% kk	Fj. styrk-þega	Meðal-greiðsla
Dánarbætur	3.300.000 kr	3.600.000 kr	1,7%	15	63%	9	38%	24	150.000 kr
Heilsustofnun	1.527.500 kr	730.000 kr	0,3%	8	80%	2	20%	10	73.000 kr
Fæðingarstyrkur	28.217.466 kr	34.111.465 kr	15,8%	107	68%	51	32%	158	215.895 kr
Glasafrjóvgun	3.248.800 kr	4.491.000 kr	2,1%	30	91%	3	9%	33	136.091 kr
Gleraugnastyrkur	3.848.252 kr	5.532.093 kr	2,6%	181	72%	72	28%	253	21.866 kr
Hjartavernd	469.800 kr	640.000 kr	0,3%	16	50%	16	50%	32	20.000 kr
Heyrnartæki	1.148.088 kr	2.418.815 kr	1,1%	10	50%	10	50%	20	120.941 kr
Krabbameinsleit	2.153.835 kr	1.890.328 kr	0,9%	358	100%	0	0%	358	5.280 kr
Krabbameinsleit frh	652.275 kr	773.303 kr	0,4%	63	79%	17	21%	80	9.666 kr
Sjónlagsaðgerð	2.000.000 kr	2.400.000 kr	1,1%	13	52%	12	48%	25	96.000 kr
Líkamsrækt	27.177.996 kr	25.906.470 kr	12,0%	784	67%	384	33%	1168	22.180 kr
Sálfræði	12.600.662 kr	14.250.242 kr	6,6%	429	75%	141	25%	570	25.000 kr
Sjúkradagpeningar	61.722.153 kr	92.256.958 kr	42,6%	88	72%	35	28%	123	750.057 kr
Sjúkraþjálfun og önnur endurhæfing	8.974.964 kr	10.621.128 kr	4,9%	441	73%	165	27%	606	17.527 kr
Tannlæknakostnaður	19.879.455 kr	16.772.117 kr	7,8%	250	70%	107	30%	357	46.981 kr
Samanlagt	**176.921.246 kr**	**216.393.919 kr**		**2793**	**73%**	**1024**	**27%**	**3817**	**56.692 kr**

Háskóladeild Sameykis

Stjórn Háskóladeildar Sameykis fv. Baldur Vignir Karlsson, formaður, Birna Björnsdóttir varamaður, María Sjöfn Árnadóttir, Bryndís Theodórsdóttir, Egill Kristján Björnsson, Elva Hrund Þórisdóttir, Bryngeir A. Bryngeirsson.

Í febrúar 2020 var haldinn stefnumótunarfundur hjá Háskóladeildinni. Unnið var út frá verstu mögulegu niðurstöðu til bestu mögulegu niðurstöðu. Í mars var svo haldinn fundur þar sem unnið var út frá niðurstöðum stefnumótunarfundarins og hófst því vinna við að koma kynningar- og fræðslumálum til framkvæmda. En eins og öllum er ljóst setti Covid-19 strik í reikninginn og var því öllu starfi deildarinnar skotið á frest.

Eftir að Háskóladeildin tók til starfa aftur verður því til að byrja með unnið út frá niðurstöðum stefnumótunarfundarins:

Versta mögulega niðurstaða:

Flótti í önnur félög:

- Hlutfall háskólamenntaðra minnkar.
- Háskóladeildin stendur ekki undir væntingum.
- Ef Háskóladeildin stendur sig ekki hefur það áhrif á félagið. Erum hluti af stærri heild.
- Ef Háskóladeildin tapar trúverðugleika getum við gleymt þessu.

Lífið gengur sinn vanagang:

- Það fækkar ekki, enginn heimsendir þótt háskólamenntuðum fjölgi ekki yfir 20% félagsmanna.
- Við þurfum að halda áfram að vekja áhuga á deildinni. Hvað við erum, hvað við gerum og hvað deildin ætlar að gera fyrir háskólamenntaða.
- Erum hluti af stærri heild, ekki sérstaklega samið fyrir háskólamenntaða. Fjölbreyttur hópur með allskonar menntun og það breytist ekki.

Besta mögulega niðurstaða:

- Eigum fulltrúa í samninganefndum.
- Fræðslufundir reglulegir og vel sóttir.
- Ungt fólk er virkt í að mæta á fræðslufundi. Skiptir miklu máli fyrir framtíð félagsins að virkja yngri kynslóðirnar.
- Alþjóðleg samvinna við önnur stéttarfélög.
- Erum með 75% skráningu í deildina.
- Kynning á deildinni þegar nýr félagsmaður gengur í hana.
- Nýliðafræðsla Háskóladeildarinnar.
- Sér samningsréttur.

Það sem nú er til skoðunar eftir fundinn sem haldinn var í janúar 2021 er styrkjaumhverfið fyrir háskólamenntaða og tillögur til úrbóta. Að skoða hvort hægt sé að bæta við spurningalistann, sem liggur til grundvallar könnuninni um „Stofnun ársins," lið sem tekur á verðmæti starfa út frá menntunarstigi og reynslu en það er ekki gert samkvæmt upplýsingum sem við höfum frá Gallup. Einnig er verið að skoða hvort og þá hvernig Covid-19 hefur breytt framtíðarsýn varðandi þekkingarþörf vinnumarkaðs framtíðarinnar. Viljum við leita til sérfræðinga og halda fræðsludag um þetta málefni.

Í ljósi þess að aldamótabörnin svokölluðu og kynslóðin þar á eftir eða kynslóð Z verður um 75% launþega árið 2025, samkvæmt framtíðarspám LMI (Leadership Management International), þarf að skoða þessi mál sérstaklega. Það gæti einnig verið vettvangur sem gæti dregið unga háskólanema að starfi Sameykis.

Stjórn Háskóladeildar Sameykis skipa:
Baldur Vignir Karlsson, formaður
Birna Björnsdóttir varamaður
María Sjöfn Árnadóttir
Bryndís Theodórsdóttir
Egill Kristján Björnsson
Elva Hrund Þórisdóttir
Bryngeir A. Bryngeirsson

Félag íslenskra félagsliða

Sigurbjörg Sara Róbertsdóttir

Stjórn félagsins sem kosin var á aðalfundi 28. maí 2020.

Félag íslenskra félagsliða er fagfélag á landsvísu og eru félagsmenn í ýmsum stéttarfélögum, vítt og dreift um allt landið. Stjórn Félags íslenskra félagsliða er með aðstöðu hjá Sameyki. Virkir félagsmenn eru u.þ.b. 400. Núverandi stjórn félagsins er skipuð þeim Sigurbjörgu Söru Róbertsdóttur formanni, Kolbrúnu Björnsdóttur varaformanni, Kristbjörgu Óladóttur gjaldkera og Matthildi Ómarsdóttur ritara. Meðstjórnendur eru Sveinn Pálsson og Sigurður Óskar Sigurðsson og Guðrún Geirsdóttir sem er varamaður.

Stjórnarstarfið hefur verið krefjandi vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins. Stjórnarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Þá er farið vel yfir þau mál sem framundan eru og hvað hægt sé að gera til að auka félagsliðastéttina. Félagið hefur óskað eftir löggildingu hjá heilbrigðisráðherra og er það í ferli hjá heilbrigðisráðuneytinu.

Félagið hélt aðalfund 28. maí 2020 og var farið vel yfir mál félagsins. Á fundinum heiðraði félagið Þórkötlu Þórisdóttur fyrrum kennslustjóra í Borgarholtsskóla og færði henni þakklætisvott frá öllum félagsliðum fyrir baráttu og stuðning við félagsliðastéttina/námið í öll þau ár sem stéttin hefur verið starfandi.

Stjórn félagsins samþykkti að félagið gefi út afsláttarkort til allra félagsmanna og fór það í dreifingu vorið 2020.

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra samþykkti á vordögum 2020 að færa námslok félagsliða af 2. þrepi íslenska hæfnirammans um menntun yfir á 3. þrep. Kennsla er hafin samkvæmt nýrri námskrá.

Félag íslenskra félagsliða sendir út dagbækur ár hvert og fóru u.þ.b. 400 dagbækur til félagsmanna í nóvember 2020.

Félag heilbrigðisritara

Á vorönn 2020 útskrifuðust fjórir heilbrigðisritarar og fengu þeir múmínbolla í útskriftargjöf. Á haustönn útskrifaðist einn heilbrigðisritari og fékk hann kertastjaka í útskriftargjöf. En árið 2020 var undarlegt og erfitt fyrir flesta, ef ekki alla. Aðalfundur félags heilbrigðisritara var haldinn miðvikudaginn 10. júní. Fram kom í skýrslu stjórnar að áfram yrði unnið ötullega að bárattumáli heilbrigðisritara um að fá löggildingu starfsheitisins. Fríða Kristbjörg Steinarsdóttir formaður félagsins gaf ekki kost á sér til endurkjörs og var Braghildur S. Little Matthíasd. einróma kosin formaður. Í stjórnina bættist Brynja Bjarnason. Heiðursfélagi var valin Guðríður Guðbjartsdóttir fyrir öflugt starf í þágu félagsins.

Við höfum þurft að aðlaga okkur að erfiðum aðstæðum sem ég tel að hafi tekið þó nokkuð á flest okkar. Ýmislegt hefur komið upp á, sumt gott og annað ekki eins gott. En við eigum eftir að koma út úr þessum aðstæðum reynslunni ríkari. Við höfum ekki náð að hittast vegna samkomutakmarka en vonandi tekst okkur það fljótlega á nýju ári.

Vonandi eru bjartari tímar framundan. Hlúum vel að okkur sjálfum og okkar nánustu og verum þakklát fyrir það sem við höfum.

Við getum verið stoltar af því að heilbrigðisritarinn, Zineta Pidzo, sem starfar á móttöku bráðadeildar var meðal þess starfsfólks Landspítala sem var heiðrað á ársfundi Landspítala 2020.

Fyrir hönd stjórnar.
Braghildur S. Little Matthíasd., formaður

Stjórnin á fundi í september 2020.

Félag heilbrigðisgagnafræðinga

Hólmfríður Einarsdóttir, formaður Félags heilbrigðisgagnafræðinga

Árið 2020 var merkisár í sögu félagsins sem varð 50 ára. Ætlunin var að halda upp á það á ýmsan hátt en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu varð eðlilega minna um viðburði en til stóð. Háskóladagurinn var haldinn 29. febrúar, sem rétt slapp fyrir COVID. Eins og árið á undan voru heilbrigðisgagnafræðingar þar með kynningarbás.

Félag heilbrigðisgagnafræðinga (HGF) er fagfélag en félagsmenn eru í hinum ýmsum stéttarfélögum vítt og breitt um landið. Stjórn HGF er með skrifstofu á Grettisgötunni í BSRB húsinu. Núverandi stjórn félagsins er skipuð þeim Hólmfríði Einarsdóttur formanni, Önnu Haarde gjaldkera, Klöru Berglindi Gunnarsdóttur ritara, Sigurbjörgu Haraldsdóttur og Hildi Eyjólfsdóttur meðstjórnendum. Félagsmenn eru ríflega 200.

Til stóð að halda námsstefnu og aðalfund á Akureyri í mars og halda þar upp á 50 ára afmæli félagsins með „pompi og prakt“. Búið var að setja saman flotta námsstefnu en vegna COVID sáum við ekki annan kost í stöðunni en að fresta viðburðinum þar til í byrjun október.

Í maí var fyrirhugaður NOLO fundur í Færeyjum, en á þeim fundi hittast 2 meðlimir stjórna félaganna á Norðurlöndum, en eðli málsins samkvæmt var honum slegið á frest.

Í júní kom skemmtilegt verkefni upp í hendurnar á okkur en Arnhildur Hálfdánardóttir fréttakona hafði samband og vildi fjalla um stéttina í Speglinum, fréttaskýringaþættinum á RÚV. Það var ánægjulegt að fá tækifæri til þess að vekja athygli á okkar mikilvægu stétt innan heilbrigðisgeirans.

Aðalfundur félagsins endaði svo með að vera haldinn rafrænn 3. október í húsi BSRB þar sem eingöngu var samankomin stjórn félagsin en aðrir félagsmenn tengdust fundinum rafrænt. Sinntum við hefðbundnum aðalfundarstörfum með rafrænum hætti. Á fundinum kynntum við nýtt lógó félagsins sem var hannað af Arnari Geir Ómarssyni sem er grafískur hönnuður hjá Helsinki. Í tilefni af 50 ára afmæli félagsins sendi félagið öllum félagsmönnum gjafir með nýju nafni félagsins og nýju lógói.

Fyrsti árgangurinn sem hóf nám í heilbrigðisgagnafræði við HÍ haustið 2019 útskrifast í vor sem mun styrkja stéttina til muna.

Félag áfengis-ráðgjafa

Stjórn Fár.

Þann 29. febrúar 2020 var haldinn aðalfundur Fár í húsi Sameykis þar sem stjórn var skipuð eftirtöldum stjórnarmeðlimum: Kristbjörg Halla Lleshi Magnúsdóttir sem var endurkjörin sem formaður félagsins næstu tvö árin. Halldóra Jónasdóttir og Sigurbjörg Anna Thor Björnsdóttir kosnar til þriggja ára árið 2019. Oddur Sigurjónsson og Ingi Þór Eyjólfsson kosnir til þriggja ára árið 2018. Elfar Þór Bragason og Gísli Hrafn Atlason kosnir til þriggja ára árið 2020.

Stjórnin hittist fljótlega eftir aðalfund og skipti með sér verkum þar sem Halldóra Jónasdóttir var kosin varaformaður, Sigurbjörg Anna Thor Björnsdóttir var kosin gjaldkeri félagsins og Gísli Hrafn Atlason ritari félagsins.

Stjórn félagsins hélt 11 stjórnarfundi á árinu auk sérstakra vinnufunda í kringum þau verkefni sem unnin voru á árinu. Heimasíða og merki félagsins voru uppfærð og einnig var stofnuð síða á Facebook til að deila áhugaverðu efni tengdu faginu.

Félagið sendi frá sér erindi sem vörðuðu nám og störf áfengis- og vímuefnaráðgjafa til fjölmiðla og þeirra stofnana sem átti við í hverju tilfelli. Sigurður Gunnsteinsson var tilnefndur af félaginu sem heiðursfélagi NAADAC fyrir framlag sitt til fagsins. Fagið hefur verið hans ævistarf og hefur hann hvatt marga áfram af sinni einstöku hlýju, þekkingu og smitandi áhuga.

Einn formlegur starfsdagur var haldinn þar sem erindi frá Handleiðslufélagi Íslands var flutt og félagsmenn hvattir til að nýta sér handleiðslu meðfram störfum sínum. Vegna heimsfaraldursins var starf félagsins með öðrum hætti en áður. Stjórnarfundir voru mikið til haldnir rafrænt og ráðstefnur og starfsdagar ekki haldnir vegna samkomutakmarkanna og sóttvarna. Vonumst við til að geta komið af enn meiri krafti inn í nýtt starfsár.

Deild atvinnubílstjóra Strætó bs

Pétur Karlsson formaður

Deild atvinnubílstjóra Strætó bs. var stofnuð formlega í sal Sameykis, Grettisgötu 89 þann 20. nóvember 2019. Starf deildarinnar var ekki teljandi á árinu 2020 vegna Covid faraldursins. Einn stjórnarfundur var þó haldinn snemma ársins og farið yfir með hvaða hætti nýta mætti endurmenntun atvinnubílstjóra vegna atvinnuréttinda til hækkunar launa. Tveir stjórnarmanna deildarinnar, þeir Jónas Jakobsson og Pétur Karlsson sátu í samninganefnd en kjarasamningar við Strætó voru undirritaðir 5. mars 2020.

Í stjórn deildarinnar sitja enn þau sömu og voru samþykkt á stofnfundi. Pétur Karlsson er formaður og meðstjórnendur eru Guðbjörg Karítas Sigurðardóttir, Ágústa Sigurðardóttir og Jónas Jakobsson. Skoðunarmaður reikninga er Pétur Gunnar Þór Árnason. Til stóð að halda aðalfund deildarinnar í maí 2020 sem ekki reyndist hægt vegna Covid-19. Aftur stóð til að halda aðalfund síðasta haust eftir að samkomutakmarkanir voru rýmkaðar og stefnan tekin á 21. október sl. en þá var samkomubann hert svo ekki varð af því. Vonandi kemur að því fyrr en síðar að starfsemi deildarinnar komist á fullt skrið.

Hlutverk og markmið deildarinnar eru enn þau sömu og við stofnun hennar en þau snúast fyrst og fremst um að efla réttindi atvinnubílstjóra og vægi aukinna ökuréttinda ásamt því að standa vörð um réttindi félagsmanna. Stjórnarmenn hafa verið virkir í umræðu um styttingu vinnuvikunnar sem taka á gildi 1. maí n.k. Deildin lætur sér mjög annt um málefni vaktavinnufólks enda allflestir félagsmenn vaktavinnustarfsmenn. Stytting vinnuviku vaktavinnufólks er skýr vilji stjórnar deildarinnar og mun hún beita sér fyrir því að styttingin verði starfsmönnum til heilla og farsældar um ókomna framtíð.

Auk fagfélaganna sem birta hér ársskýrslur sínar eru Fangavarðafélag Íslands og Félag ráðgjafa- og stuðningsfulltrúa starfrækt undir merkjum Sameykis.

FRAMVEGIS
Miðstöð símenntunar

Framvegis miðstöð símenntunar er einkahlutafélag í eigu tveggja aðildarfélaga BSRB, þ.e. Sjúkraliðafélags Íslands og Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu. Miðstöðin hefur starfað óslitið frá 2001, fyrst um sinn til að sinna sí- og endurmenntun fólks í starfsgreinum sem Fjölbrautaskólinn við Ármúla útskrifaði. Með inngöngu BSRB í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur starfsemin þróast talsvert og verkefnin orðið fjölbreyttari og náð til stærri hóps fullorðinna námsmanna.

Starfsemin byggist að stórum hluta á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, reglugerð um framhaldsfræðslu nr. 1163/2011 og samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Miðstöðin er rekin til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á vinnumarkaði.

Megináhersla Framvegis er að bjóða upp á vandað nám fyrir fólk á vinnumarkaði og ráðgjöf fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Auk þess sinnir miðstöðin raunfærnimati í almennri starfshæfni sem og raunfærnimati á móti námi í formlega skólakerfinu. Þær aðstæður, sem sköpuðust síðastliðið ár vegna Covid-19, kölluðu á mikla endurskoðun á allri starfsemi miðstöðvarinnar sem reyndi vitaskuld talsvert á aðlögunarhæfni starfsfólks og viðskiptavina stöðvarinnar. Þrátt fyrir að reksturinn litaðist af erfiðum ytri aðstæðum einkenndist starfið af samhug allra hagaðila við lausn margra flókinna verkefna sem fól m.a. þá nýsköpun í sér að stærstur hluti af starfseminni var færður á rafrænt form. Þrátt fyrir þessar miklu áskoranir náðist ásættanlegur árangur í rekstri ársins.

Framvegis kenndi vottaðar námsleiðir í samstarfi við NTV, Promennt og Fjölsmiðjuna. Auk þess var góð samvinna við Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðisins og Virk starfsendurhæfingasjóð um fjölbreytt námsframboð fyrir skjólstæðinga þeirra. Framkvæmt var raunfærnimat á móti almennri starfshæfni og á móti tölvubraut Upplýsingatækniskóla. Undirbúningsvinnu við nýtt raunfærnimat á móti sjúkraliðabraut lauk á árinu og er áætlað að setja það í gang í framhaldinu.

Námskeið voru vel sótt á árinu, m.a. sjúkraliðanámskeið, en fella þurfti nokkur niður sem kröfðust þátttöku í staðkennslu. Aðsókn á námskeiða- og fyrirlestraröðina „Gott að vita“ sem Framvegis heldur utan um fyrir Sameyki var góð. Ýmislegt þurfti þó að laga svo hægt væri að bjóða upp á skipulagða viðburði rafrænt.

Þróunarverkefni hafa skipað stóran sess hjá Framvegis og voru nokkur slík í vinnslu hjá miðstöðinni á árinu. Þar á meðal voru verkefni í samvinnu við Starfsmennt, Tækninam.is, Skema, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og aðrar símenntunarmiðstöðvar.

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaga og atvinnurekenda á vinnumarkaði. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

Fjórir ráðgjafar á vegum VIRK starfa í BSRB húsinu. Ráðgjafarnir eru Birna Muller, Helga Ágústsdóttir, Karen Björnsdóttir og Ragnheiður Kristiansen. Starf þeirra felst í að aðstoða félagsmenn við að endurheimta og efla starfsgetu og starfshæfni eftir veikindi eða slys. Lögð er áhersla á að halda vinnusambandi þegar það er til staðar og aðstoða við að finna leiðir til atvinnuþátttöku á nýjan leik.

Í byrjun árs 2021 voru 2.640 einstaklingar í starfsendurhæfingu á vegum VIRK. Þá höfðu rúmlega 19.500 einstaklingar nýtt sér þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs frá því að fyrsti einstaklingur kom í starfsendurhæfingu á vegum VIRK árið 2009.

Tæplega 80% þeirra 12.000 einstaklinga sem lokið hafa þjónustu hjá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift, þ.e. í launaðri vinnu, virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Alls hafa 1.644 einstaklingar leitað til ráðgjafanna í BSRB húsinu og 1.063 þeirra útskrifast eða lokið þjónustu.

Þjónustukannanir VIRK sýna að þjónustuþegar eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

Einstaklingum sem glíma við heilsubrest sem hindrar þá frá vinnu er bent á að ráðfæra sig við lækni varðandi starfsendurhæfingu. Ef læknir metur að þörf sé á starfsendurhæfingu sendir hann tilvísun til VIRK. Félagsmenn sem leita til sjúkrasjóðs Sameykis fá jafnan upplýsingar um þjónustu VIRK.

Ráðgjafarnir eru staðsettir á 3. hæð í BSRB húsinu. Frekari upplýsingar um VIRK er að finna á www.virk.is. Einnig má senda tölvupóst á virk@bsrb.is eða hringja í síma 525 8300.

Lífeyrisdeild Sameykis

Síðasta starfsár okkar hefur einkennst af því sem við „gátum ekki gert." Við rétt náðum að halda þorrablót í febrúar í fallegu veðri sem tókst mjög vel en eftir það sigldum við inn í Covid-19. Það var ekki hægt að halda aðalfund eins og fyrirhugað var því þá var fyrsta bylgjan í algleymingi og við sem áhættuhópur urðum að hafa hægt um okkur.

Ég veit að mjög mörg okkar höfum verið í sjálfskipaðri sóttkví og rétt farið út í búð og apótek. Skrifstofan á Grettisgötunni hefur verið meira og minna lokuð sem skiljanlegt er. Áður en skrifstofunni var lokað í vor gat símenntunarsjóður hist og farið yfir og afgreitt umsóknir. Eins var með umsóknir í haust en þá urðum við að notast við tæknina þar sem við gátum ekki haft fund. Við höfðum ætlað okkur að fara í Jónsmessuferð eins og vanalega í júní en það var ekki hægt vegna fjöldatakmarkana. Fólk er líka svo skynsamt að það lætur ekki etja sér út í hvað sem er.

Þegar útséð var um að við kæmust í þessa ferð í júní fórum við að gæla við hugmyndina um að fara í haust-lita- og lautarferð til Þingvalla og fá þjóðgarðsvörð til að vera með fræðslu og skemmtilegheit fyrir okkur. Við ætluðum síðan að borða nesti á einhverjum fallegum stað á Þingvöllum en nóg er af þeim þar. Þetta gekk ekki heldur eftir og fengum við að vita að búið væri að loka og læsa öllu þar og engin þjónusta í boði.

Síðastliðið haust hefðum við að forfallalausu verið með haustfagnað og hefðum einnig tekið þátt í jólafundi Sameykis en það var líka blásið af. Við þurfum svo bara að sjá til hvort við getum haft aðalfund í ár en við þurfum að blása af þorrablótið okkar sem við hefðum haldið núna í febrúar.

En koma tímar og koma ráð. Það verður spennandi að sjá hvernig líf okkar þróast eftir að við höfum öll fengið bólusetningu.

Gönguhópur okkar Grjótharðir göngugarpar hafa samt haldið sínu striki í vetur og farið vikulega út að ganga í hvaða veðri sem er. Þar fyrir utan sjáum við samt að fólk heldur að sér höndum sem við skiljum vel.

Þetta er pistill um allt sem við gátum ekki gert en við skulum vona að nú fari að birta til.

Gönguhópur Lífeyrisdeildar Sameykis, Grjótharðir göngugarpar, hittust reglulega á starfsárinu til að ganga saman um sveit og borg eins og þessar ljósmyndir sýna. Ekki var um aðrar samkomur að ræða hjá lífeyrisdeildinni vegna COVID-19.

Orlofsmál Sameykis

Stjórn

Í stjórn orlofssjóðs 2020 voru 12 manns. Þeir eru Ingunn Hafdís Þorláksdóttir, formaður, Ólafur Hallgrímsson, varaformaður, Hörður Heiðar Guðbjörnsson ritari og Viðar Ernir Axelsson en þau fjögur skipa framkvæmdastjórn. Aðrir aðilar í stjórn eru Hafdís Hulda Vilhjálmsdóttir, María Hlín Eggertsdóttir, Olga Gunnarsdóttir, Vilhjálmur Pálmason, Dagrún Dagbjartsdóttir, Stefán Gíslason, Jóhanna Huld Jóhannsdóttir og Ingjaldur Eiðsson. Með stjórn og framkvæmdanefnd starfar Ása Clausen frá skrifstofu.

Rekstur og útleiga 2020

Rekstur orlofssjóðs og útleiga orlofshúsa er einn af mikilvægustu þáttum í þjónustu félagsins ásamt því að bjóða upp á aðra orlofskosti s.s. ferðaávísanir (hótel- og gistimiðar), gjafabréf í flug innanlands og erlendis. Veiði- og útilegukort og orlofsávísanir. Þá á og rekur félagið alls 68 orlofshús og íbúðir víðsvegar um landið og erlendis.

Hús félagsins eru:

- **Á Vesturlandi:** Hús í Svínadal Hvalfirði, hús í Skorradal, tvö hús í Húsafelli, tuttugu hús í Munaðarnesi, hús í Selásum og hús á Arnarstapa.
- **Á Norðurlandi:** tvö hús upp í Hlíðarfjalli, tvær íbúðir á Akureyri og eitt hús í Kjarnaskógi.
- **Á Austurlandi**: sex hús á Eiðum.
- **Á Suðurlandi:** tólf hús á Úlfljótsvatni, átta hús í Vaðnesi, eitt hús við Álftavatn. Þrjú hús í Biskupstungum þ.e. Úthlíð, Hólasetur í Fellskoti og Akrakot sem er á áætlun um endurbyggingu.
- **Í Reykjavík:** fjórar íbúðir í Reykjavík.
- **Erlendis:** þrjá eignir á Spáni.

Nýting orlofshúsa

Á meðfylgjandi töflu má sjá nýtingu orlofshúsa Sameykis sumarið 2020. Meðalnýting allra húsa félags var 96%. Þá hefur nýting orlofshúsa félagsins veturinn 2020-2021 í helgarleigu það sem af vetri verið u.þ.b. það sama eða 96% og þá hefur einnig verið góð nýting á húsunum virka daga.

Endurleigu húsnæði

Á hverju ári tekur félagið mismörg hús á leigu til framleigu til félagsmanna. Sumarið 2020 tók félagið á leigu fjórtán orlofseignir víðsvegar um landið en flestar á Akureyri þ.e. fimm og á Vestfjörðum fimm eignir. Þá skipti félagið á eign að Úlfljótsvatni fyrir hús að Illugastöðum.

Nýting orlofshúsa sumarið 2020

Nafn eignar	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting %
Munaðarnes Stekkjarhóll 77	91	91	100,00
Munaðarnes Stekkjarhóll 72	91	91	100,00
Munaðarnes Stekkjarhóll 73	91	91	100,00
Hólasetur í Biskupstungum	91	91	100,00
Munaðarnes Bjarkarás 5	91	91	100,00
Munaðarnes Bjarkarás 10 f/fat	91	91	100,00
Úlfljótsvatn nr: 8	91	91	100,00
Húsafell Hraunbrekkur 4	91	91	100,00
Húsafell Hraunbrekkur 6	91	91	100,00
Vaðnes Bollagarðar 2	91	91	100,00
Vaðnes Bollagarðar 3	91	91	100,00
Munaðarnes Eyrarhlíð 33	91	91	100,00
Vaðnes Bollagarðar 4	91	91	100,00
Akrasel við Álftavatn	91	91	100,00
Vaðnes Bollagarðar 5	91	91	100,00
Norðurás í Svínadal	91	91	100,00
Vaðnes Bollagarðar 10	91	91	100,00
Krossholt	91	91	100,00
Arnarstapi Sölvaslóð 7	91	91	100,00
Lindarbakki nr: 4	91	91	100,00
Skorradalur	91	91	100,00
Selásar 20 Borgarbyggð	91	91	100,00
Úlfljótsvatn nr: 12	91	91	100,00
Munaðarnes Bjarkarás 3	91	91	100,00
Vaðnes Bollagarðar 8	91	91	100,00
Akureyri Kjarnabyggð - Gata mánans hús nr. 5	91	91	100,00
Akureyri - Holtaland 3	91	91	100,00
Munaðarnes Vörðuás 11	91	91	100,00
Eiðar hús 11	91	91	100,00
Akureyri - Holtaland 1	91	91	100,00
Hólmavík, Lækjartún 7	91	91	100,00
Munaðarnes Vörðuás 12	91	91	100,00
Munaðarnes Stekkjarhóll 76	91	91	100,00
Akureyri Hamratún 26	90	91	98,90
Akureyri Skálatún 35	90	91	98,90
Munaðarnes Vörðuás 14	90	91	98,90
Úthlíð	89	91	97,80
Úlfljótsvatn nr: 4	88	91	96,70

Nafn eignar	Leigðir dagar	Framboð leigudaga	Nýting %
Vaðnes Bollagarðar 6	88	91	96,70
Úlfljótsvatn nr: 6	87	91	95,60
Reykjavík Grandavegur 42 G	87	91	95,60
Úlfljótsvatn nr: 1	86	91	94,51
Munaðarnes Vörðuás 17	86	91	94,51
Úlfljótsvatn nr: 5	86	91	94,51
Úlfljótsvatn nr: 7	86	91	94,51
Munaðarnes Eyrarhlíð 39	86	91	94,51
Úlfljótsvatn nr: 11	86	91	94,51
Munaðarnes Eyrarhlíð 30	85	91	93,41
Vaðnes Bollagarðar 1	84	91	92,31
Eiðar nr: 14	84	91	92,31
Blönduós - Brautarhvammur 25	84	84	100,00
Hólar í Hjaltadal - Nátthagi 20 (201)	84	84	100,00
Úlfljótsvatn nr: 2	82	91	90,11
Eiðar hús 12	80	91	87,91
Munaðarnes Eyrarhlíð 40	79	91	86,81
Huldulundur í Aðaldal	79	79	100,00
Reykjavík Sóltún 12	78	91	85,71
Úlfljótsvatn nr: 10	77	91	84,62
Súðavík	77	91	84,62
Eiðar hús 10	77	91	84,62
Suðureyri við Súgandafjörð	77	91	84,62
Úlfljótsvatn nr: 9	75	91	82,42
Bær III Drangsnesi	74	77	96,10
Reykjavík Grandavegur 45	73	91	80,22
Reykjavík Grandavegur 42 D	73	91	80,22
Eiðar nr: 13	72	91	79,12
Illugastaðir nr: 21	70	70	100,00
Eiðar hús 5	70	91	76,92
Akureyri - Kjalarsíða 1b (301)	70	70	100,00
Akureyri - Kjalarsíða 1a (405)	70	70	100,00
Akureyri - Kjalarsíða 1a (202)	70	70	100,00
Akureyri - Kjalarsíða 1b (402)	66	70	94,29
Akureyri - Kjalarsíða 1a (205)	63	70	90,00
Munaðarnes Eyrarhlíð 35	35	35	100,00
Úlfljótsvatn nr: 3	19	23	82,61
Samtals	**6255**	**6535**	**95,72**

Súluritið sýnir nýtingu á orlofshúsum Sameykis í prósentum talið.

Framkvæmdir

Í ágúst 2020 var lokið við endurbyggingu þriggja eldri húsa í Munaðarnesi við Stekkjarhól nr. 78, 79 og 80. Fjögur eldri hús félagsins í Eyrarhlíð í Munaðarnesi voru auglýst til sölu og brottflutnings og var byrjað á framkvæmdum við sex ný hús í september 2020. Þrjú af þessum húsum verða á nýjum stað en hin þrjú verða þar sem hin húsin voru fyrir. Áætlanir gera ráð fyrir að þessi hús verði komin í notkun um mánaðarmótin júní/júlí.

Framkvæmdir við orlofshúsin í Munaðarnesi.

Vorið 2020 var húsið Akrakot í Biskupstungum auglýst og selt til brottflutnings. Búið er að teikna nýtt hús sem kemur í staðinn fyrir það gamla en framkvæmdir eru ekki hafnar.

Orlofsblað Sameykis

Sameyki gefur út orlofsblað á hverju ári með upplýsingum um valkosti og framboð bæði orlofseigna til leigu og annað. Blaðið er gefið út í byrjun mars og sent til allra félagsmanna. Þá eru félagsmenn hvattir til að fylgjast með á heimasíðu félagsins en þar geta bæst við eignir sem ekki eru kynntar í orlofsblaðinu.

Framfaraskref

Stytting vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki á að taka gildi **1. maí** næstkomandi og er það mikil áskorun. Það hefur lengi verið vitað að vaktavinna dregur úr lífsgæðum þeirra sem vinna við það fyrirkomulag. Vaktavinna dregur úr lífsgæðum, hefur áhrif á heilsufar og félagslega þætti, svo sem þátttöku í tómstundum og félagslífi með fjölskyldu og vinum.

Heilsa, öryggi og jafnvægi milli vinnu og einkalífs er haft að leiðarljósi við innleiðingu styttri vinnutíma. Markmiðið er að vernda heilsu starfsmanna. Vinna að öryggi þjónustuþega og starfsmanna. Auðvelda starfsmönnum virka þátttöku í samfélaginu og fjölskyldulífi.

Stytting vinnuvikunnar er gríðarlegt framfaraskref og árangurinn veltur á að við leggjumst öll saman á árarnar og stefnum saman í eina átt.

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Sími 525 8300 • sameyki@sameyki.is • sameyki.is